

Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga

Skýrsla nefndar um ábyrgðarveitingar

Desember 1996

EFNISYFIRLIT

ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.

1. INNGANGUR	5
2. NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR	6
2.1 Helstu niðurstöður	6
2.2 Tillögur og sjónarmið nefndarinnar	8
2.2.1 Aðgerðir til að draga úr persónuábyrgðum	8
2.2.2 Upplýsingar lánveitanda um fjárhagsstöðu lántaka	14
2.2.5 Fræðsla um fjármál og ábyrgðir	15
3. UMFANG ÁBYRGÐARVEITINGA	16
3.1 Inngangur	16
3.2. Umfang ábyrgðarveitinga í bankakerfinu	16
3.3 Skoðanakönnun um umfang ábyrgðarveitinga	17
3.3.1 Fjöldi ábyrgðarmanna og tegundir fjárskuldbindinga	17
3.3.2 Skuldari á ábyrgðarskuldbindingum	19
3.3.3 Fjárhæð ábyrgðarskuldbindinga	20
3.4 Hve oft reynir á ábyrgð hér á landi?	21
3.4.1 Fjöldi einstaklinga sem greitt hefur skuld vegna ábyrgðar	21
3.4.2 Skuldari á skuldbindingum sem fallið hafa á ábyrgðarmenn	22
3.4.3 Greiddar fjárhæðir vegna vanefnda skuldara	23
3.4.4 Fjárhagslegar afleiðingar vanefndar skuldara fyrir ábyrgðarmann	24
3.5 Umfang ábyrgðarveitinga annars staðar á Norðurlöndum	24
3.5.1 Inngangur	24
3.5.1 Norskar kannanir	24
3.5.3 Sænskar kannanir	25
3.5.4 Niðurstaða	25
4. FRAMKVÆMD ÁBYRGÐARVEITINGA	25
4.1 Inngangur	26
4.2 Hvenær er krafist persónuábyrgða og hvaða kröfur eru gerðar til ábyrgðarmanna?	26
4.3 Upplýsingar til ábyrgðarmanna áður en stofnað er til ábyrgðarskuldbindinga	27
4.4 Tilkynningar til ábyrgðarmanna um vanskil aðalskuldara	27
5. RÉTTARSTAÐA ÁBYRGÐARMANNA	30

5.1 Inngangur	30
5.2 Skilgreining ábyrgðarhugtaksins og mismunandi ábyrgðarform	30
5.3 Aðgerðir kröfuhafa vegna vanefnda aðalskuldara	31
5.3.1 Kröfuhafi lætur hjá líða að innheimta kröfuna hjá aðalskuldara	31
5.3.2 Tilkynning kröfuhafa til ábyrgðarmanns um vanskil aðalskuldara	31
5.4 Réttarstaða ábyrgðarmanns við andlát eða gjaldþrot aðalskuldara	33
5.4.1 Andlát aðalskuldara	33
5.4.2 Gjaldþrot aðalskuldara	34
5.5 Afturköllun ábyrgðar	34
5.6 Áhættuaukning ábyrgðarmanns	35
5.6.1 Almennt	35
5.6.2 Greiðslufrestur	35
5.6.3 Brottfall annarra tryggingaréttinda	36
5.7 Upplýsingaskylda kröfuhafa gagnvart ábyrgðarmanni	36
5.7.1 Almennt	36
5.7.2 Reglur sem gilda hér á landi	36
5.7.3 Norrænn réttur	37
5.8 Ógildingarákvæði samningalaga	39
5.8.1 Almennt	39
5.8.2 Beiting 33. og 36. gr. sml. í ábyrgðarmálum á Norðurlöndum	39
5.8.3 Beiting 33. og 36. gr. sml. í ábyrgðarmálum hér á landi	41
6. STAÐAN Á NORÐURLÖNDUM OG VÍÐAR	43
6.1 Inngangur	43
6.2 Danmörk	43
6.3 Noregur	43
6.4 Svíþjóð	44
6.5 Finnland	45
6.6 Staðan annars staðar í Evrópu	45
7. UPPLÝSINGAR UM FJÁRHAGSSTÖÐU	46
7.1 Inngangur	46
7.2 Lagaákvæði um skráningu fjárhagsupplýsinga	46
7.2.1 Ísland	46
7.2.2 Danmörk	46
7.2.3 Svíþjóð	47
7.3 Möguleikar á starfsemi upplýsingamiðstöðvar hér á landi	48
HEIMILDASKRÁ	50

1. INNGANGUR

Á undanförunum árum hefur athygli almennings og stjórnvalda hér á landi beinst í auknum mæli að neytendavernd. Löggjöf á sviði neytendamála var hér lengst af mjög fábrotin en veruleg breyting hefur orðið þar á hin síðustu ár. Margvísleg löggjöf hefur til að mynda verið sett um neytendamál vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Lögin hafa öll miðað að því að setja almennar sanngjarnar leikreglur um viðskipti og tryggja hag neytenda.

Meðal þeirra neytendamála sem hvað mest hafa verið í brennidepli þjóðmálaumræðunnar undanfarin ár eru ábyrgðir einstaklinga til tryggingar lánnum einstaklinga og fyrirtækja. Það má gera því skóna að aukin umræða um þetta efni komi einkum til af sívaxandi skuldum heimila og meiri vanskilum í kjölfar efnahagssamdráttar í byrjun þessa áratugar. Fleiri lán hafa því fallið á ábyrgðarmenn. Hefur ýmsum þótt staða ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga gagnvart lánveitendum vera veik. Bent hefur verið á ýmis tilvik þar sem talið er að lánveitanda hefði átt að vera ljóst að lántaki gæti ekki staðið undir greiðslubyrði lánsins og lánið mundi því falla á ábyrgðarmann lánsins. Einnig hefur mjög borið á gagnrýni á óútfyllta tryggingavíxla til tryggingar greiðslukortaskuldum og yfirdráttarheimildum.

Þann 22. febrúar 1996 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að að fara yfir framkvæmd ábyrgðarveitinga og gera tillögu til úrbóta eftir því sem við á. Í skipunarbréfi nefndarinnar er tilgreint að hún skuli kanna hvort unnt sé að bæta réttarstöðu þeirra einstaklinga sem gangast í ábyrgð í tengslum við lánveitingar og hvort kveða skuli nánar á um upplýsingaskyldu lánveitanda. Enn fremur skal nefndin huga að því með hvaða hætti skuli staðið að almennri fræðslu um ábyrgðarveitingar einstaklinga. Í nefndinni störfuðu:

Benedikt Árnason hagfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður,
tilnefndur af viðskiptaráðherra,
Elín Sigrún Jónsdóttir forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna,
tilnefnd af félagsmálaráðherra,
Finnur Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra viðskiptabanka,
tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka,
Ólafur Haraldsson aðstoðarsparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis,
tilnefndur af Sambandi íslenskra sparisjóða,
Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti,
tilnefndur af viðskiptaráðherra og
Sigríður Auður Arnardóttir lögfræðingur hjá Neytendasamtökunum,
tilnefnd af Neytendasamtökunum.

Þuríður Jónsdóttir lögfræðingur tók sæti Sigríðar Auðar í nóvember 1996. Ritari nefndarinnar var Guðbjörg Bjarnadóttir, lögfræðingur í Seðlabanka Íslands – bankaeftirliti.

2. NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR

2.1 Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður nefndarinnar varðandi umfang ábyrgðarveitinga og réttarstöðu ábyrgðarmanna fara hér á eftir. Varðandi umfang ábyrgðarveitinga er stuðst við niðurstöður skoðanakönnunar sem Hagvangur hf. gerði fyrir nefndina auk upplýsinga frá Reiknistofu bankanna og Lánasjóði íslenskra námsmanna. Um réttarstöðu ábyrgðarmanna er byggt á norrænum rétti.

Umfang ábyrgðarveitinga

- Gera má ráð fyrir að um 90 þúsund einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Það er um 47% Íslendinga á þessum aldri. Karlar eru frekar í ábyrgð en konur. Algengast er að einstaklingar séu í ábyrgð fyrir börn og systkini.
- Tvö bankalán af hverjum þremur eru með sjálfskuldarábyrgð. Ábyrgðarmenn á víxlum og skuldabréfum í bankakerfinu eru að meðaltali í ábyrgð fyrir tæplega 1 m.kr. 54% ábyrgðarmanna á víxlum og skuldabréfum eru í ábyrgð fyrir lægri fjárhæð en 500 þús.kr. og 75% fyrir lægri fjárhæð en 1 m.kr. Tæp 2% ábyrgðarmanna á víxlum og skuldabréfum eru í ábyrgð fyrir hærri fjárhæð en 5 m.kr.
- Tíundi hver Íslendingur á aldrinum 18–75 ára segist hafa greitt skuld vegna ábyrgðar á síðustu fimm árum. Sú niðurstaða bendir til að um 18 þús. Íslendingar hafi þurft að leysa til sín skuld á tímabilinu. Í tæplega helmingi tilfella er um að ræða fjárhæðir undir 500 þús.kr. og tæp 60% hafa greitt minna en 1 m.kr.
- Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunarinnar er algengt að ábyrgðarmenn hafi þurft að taka lán til að greiða skuld vegna ábyrgðar. Jafn algengt er að greiðsla skuldarinnar hafi haft litlar sem engar afleiðingar í för með sér. Nokkur fjöldi hefur þó þurft að selja eignir í kjölfar fallinna ábyrgða.
- Flest bendir til að ábyrgðarskuldbindingar séu mun algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Þannig metur skýrsluhöfundur norrænnar skýrslu um ábyrgðarveitingar að á 10% heimila á Norðurlöndum séu aðilar sem eru í ábyrgð fyrir skuldbindingum annarra.

Framkvæmd ábyrgðarveitinga

- Engin ákvæði eru í lögum um ábyrgðarveitingar hér á landi og fá mál á þessu sviði hafa komið til kasta dómstóla. Lánastofnanir hafa því í gegnum tíðina mótað reglur um framkvæmd ábyrgðarveitinga. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálastofnanir hefur starfað frá haustinu 1995 en enn sem komið er hafa fá mál komið á borð hennar. Af 56 kvörtunum sem bárust bankaeftirliti Seðlabanka Íslands á árunum 1994 og 1995 vörðuðu fjórar ábyrgðarmenn.
- Þær stofnanir og félög sem fara fram á ábyrgð þriðja aðila til tryggingar kröfum sínum, í mismiklum mæli þó, eru bankar, sparisjóðir, Lánasjóður íslenskra námsmanna, eignarleigufyrirtæki, tryggingarfélag, greiðslukortafyrirtæki og stærri fyrirtæki sem veita lán fyrir vörukaupum.

- Flestir bankar og sparisjóðir gera kröfu til þess að ábyrgðarmaður sé fasteignareigandi og jafnframt að viðkomandi sé ekki á vanskila- og lokunarskrá og ekki í vanskilum við viðkomandi stofnun. Hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna eru öll lán með persónuábyrgð enda er gerð krafa um það í lögum um sjóðinn.
- Ábyrgðarmenn eru í flestum tilvikum ekki sérstaklega upplýstir um hvað felst í þeirri ábyrgð sem þeir taka á sig áður en til ábyrgðarskuldbindingarinnar er stofnað. Almennt eru ábyrgðarmenn ekki upplýstir um það af hálfu viðkomandi lánastofnunar ef staða skuldara er slæm hjá þeirri stofnun á þeim tíma þegar ábyrgðarmaður tekur á sig ábyrgðarskuldbindingu. Skýringin á hinu síðarnefnda kann að felast í þagnarskyldu sem hvílir á bönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum lögum samkvæmt.

Staða ábyrgðarmanna á Norðurlöndum

- Hvergi á Norðurlöndum hafa verið sett sérstök lög um ábyrgðir. Á einstaka sviðum hafa hins vegar verið sett ákvæði í gildandi lög. Að öðru leyti kveða ólögfestar reglur, dómsniðurstöður og niðurstöður kvörtunarnefnda á um réttarstöðu ábyrgðarmanna. Í löggjöf annarra Evrópulanda er hvergi að finna sérlöggjöf um ábyrgðarskuldbindingar. Ekki hefur heldur verið tekið á þessum málum innan Evrópusambandsins.
- Í Danmörku og Svíþjóð hafa lánastofnanir og samtök neytenda gert með sér samkomulag um notkun ábyrgða. Þar er kveðið á um ýmis atriði er tryggja vernd ábyrgðarmanna. Sem dæmi um það má nefna að lánveitendum er gert skylt að meta greiðsluhæfi aðalskuldara áður en ákvörðun er tekin um lánveitingu og geta ábyrgðarmenn gengið út frá því að það hafi verið gert. Einnig er gert ráð fyrir skyldu lánveitanda til þess að greiðslumeta ábyrgðarmenn.
- Í Noregi liggur frumvarp fyrir löggjafarþinginu sem gengur mjög langt í þá átt að tryggja stöðu ábyrgðarmanna. Af frumvarpinu leiðir að sjálfskuldarábyrgð verður vart talin heimil.
- Í danskri löggjöf er kveðið á um skyldu banka og sparisjóða til þess að tilkynna ábyrgðarmönnum um vanskil aðalskuldara. Slík skylda hvílir á öllum lánveitendum í Finnlandi. Í finnskri löggjöf er jafnframt að finna ákvæði þess efnis að lánveitandi skuli greina ábyrgðarmanni frá því hvað felst í ábyrgðinni. Auk þess er í norrænum rétti talið að lánveitanda beri skylda til að upplýsa ábyrgðarmenn um ýmis atriði er talið er að haft geti þýðingu fyrir ábyrgðarmanninn.
- Samningalög eru í öllum meginatriðum samhljóma á Norðurlöndunum en í þeim er að finna heimildir til að ógilda löggerninga. Á Norðurlöndunum eru til dæmi um það að ábyrgðarskuldbindingar hafi verið ógildar á grundvelli samningalaganna. Einkum hefur það átt sér stað í Noregi.

Skýringar á hárri tíðni ábyrgðarveitinga

- Skuldir heimila hafa vaxið mjög hratt á undanförunum hálfum öðrum áratug hér á landi og eru nú hlutfallslega hærri en annars staðar á Norðurlöndum.
- Hér á landi virðast ríkja önnur viðhorf gagnvart sparnaði en í öðrum Norðurlandarríkjum. Flest bendir til að það hafi verið algengara, og sé að hluta til enn, að íslensk heimili steypi sér í skuldir vegna kaupa á neyslufjármunum en heimili annars staðar á Norðurlöndum.
- Íslenskar lánastofnanir hafa ekki jafn víðtækar upplýsingar um skuldastöðu lántakenda og lánastofnanir annars staðar á Norðurlöndum.

- Lægri veðmörk á húsnæði hérlandis gera það að verkum að lánveitendur krefjast í fleiri tilvikum ábyrgðar þriðja aðila.
- Smáfyrirtæki eru hlutfallslega algengari hér á landi en víðast hvar erlendis en lán til slíkra fyrirtækja eru yfirleitt tryggð með persónuábyrgð.

Þó að fjármagnsmarkaður hafi þroskast á síðustu árum er hann þó engu að síður enn að slíta barnsskónum enda hefur hann ekki fengið áratugi til að dafna eins og markaðir nágrannaríkja. Enn skortir á að lánastofnanir þekki til hlítar aðstæður viðskiptavina sinna og geti þar með veitt þeim sem besta þjónustu. Lánastofnanir nýta sér í auknum mæli þær upplýsingar sem fyrir liggja um viðskiptavinina sína til að meta fjárhagsstöðu þeirra en mikið verk er þó óunnið í þeim efnum. Ýmis dæmi um lánveitingar lánastofnana sýna að greiðslugeta aðalskuldara er ekki ætíð lögð til grundvallar við lánveitingar. Enn er því víða pottur brotinn í þessum efnum.

2.2 Tillögur og sjónarmið nefndarinnar

Tillögur og sjónarmið nefndarinnar eru eftirfarandi.

- Nefndin telur að grípa eigi til aðgerða til að draga úr veitingu lána með ábyrgð þriðja manns. Ekki er einhugur í nefndinni um hvaða leiðir séu best til þess fallnar að draga úr ábyrgðarveitingum. Fulltrúar viðskiptaráðuneytisins telja að með samkomulagi fjármálastofnana, stjórnvalda og samtaka neytenda, svipuðu og tíðkast víða á Norðurlöndum, megi draga úr veitingu persónuábyrgða. Jafnframt telja þeir að stefna eigi að því að setja löggjöf er kveði skýrar á um upplýsingaskyldu fjármálastofnana. Fulltrúar bankakerfisins telja að með samkomulagi megi ná þeim markmiðum sem að er stefnt og því er ekki þörf á löggjöf um upplýsingaskyldu til viðbótar. Fulltrúar Neytendasamtakanna og félagsmálaráðuneytisins telja hins vegar að ganga eigi lengra í átt til löggjafar en tillaga fulltrúa viðskiptaráðuneytisins gerir ráð fyrir, þannig að ábyrgðarveitingar verði undantekning frekar en meginregla.
- Nefndin leggur til að lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga (tölvulögin) verði rýmkuð þannig að lánveitendum verði gert auðveldara að fá upplýsingar um skulda- og vanskilastöðu lántaka hjá öðrum lánastofnunum og fyrirtækjum. Samhliða verði hugað að breytingu á lagaákvæðum um viðskiptabanka og sparisjóði er varða skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.
- Nefndin telur nauðsynlegt að gera átak í fræðslu um fjármál heimila og einstaklinga. Í því efni leggur nefndin til að hugað verði að því að fræðsla um fjármál heimila og einstaklinga verði hluti af námsskrá grunnskóla og framhaldsskóla. Það er tillaga nefndarinnar að komið verði á samstarfi fjármálastofnana, yfirvalda menntamála og hlutaðeigandi ráðuneyta til að hrinda þessu í framkvæmd.

2.2.1 Aðgerðir til að draga úr persónuábyrgðum

Nefndin telur að grípa eigi til aðgerða til að draga úr veitingu lána með ábyrgð þriðja manns. Ekki er einhugur í nefndinni um hvaða leiðir séu best til þess fallnar að draga úr ábyrgðarveitingum. Fulltrúar viðskiptaráðuneytisins telja að með samkomulagi fjármálastofnana, stjórnvalda og samtaka neytenda, svipuðu og tíðkast víða á Norðurlöndum, megi draga úr veitingu persónuábyrgða. Jafnframt telja þeir

að stefna eigi að því að setja löggjöf er kveði skýrar á um upplýsingaskyldu fjármálastofnana. Fulltrúar bankakerfisins telja að með samkomulagi megi ná þeim markmiðum sem að er stefnt og því er ekki þörf á löggjöf um upplýsingaskyldu til viðbótar. Fulltrúar Neytendasamtakanna og félagsmálaráðuneytisins telja hins vegar að ganga eigi lengra í átt til löggjafar en tillaga fulltrúa viðskiptaráðuneytisins gerir ráð fyrir, þannig að ábyrgðarveitingar verði undantekning frekar en meginregla.

Tillaga fulltrúa viðskiptaráðuneytisins

Fulltrúar viðskiptaráðuneytisins telja nauðsynlegt að fjármálastofnanir, stjórnvöld og samtök neytenda geri með sér samkomulag um aðgerðir til að bæta stöðu ábyrgðarmanna en að auki beri að stefna að því að setja löggjöf er kveði skýrt á um upplýsingaskyldu fjármálastofnana. Þörf er á samstilltu átaki til að stuðla að hugarfarsbreytingu við lánveitingar, enda eru það sameiginlegir hagsmunir fjármálastofnana, stjórnvalda og neytenda að festa og agi skapist við veitingu ábyrgða. Með samkomulagi þessara aðila, ásamt lögfestingu tiltekinna meginreglna, má búast við að dragi úr persónuábyrgðum.

Ekki er hins vegar rétt að banna alfarið persónuábyrgðir. Við vissar aðstæður gagnast þær öllum hlutaðeigandi. Ekki má koma í veg fyrir að einstaklingar með skamma viðskiptasögu og litlar eignir geti tekið lán í eigin nafni. Þá má ekki hindra fjármálastofnanir í að leita skynsamlegra trygginga.

Í samkomulagi fjármálastofnana, stjórnvalda og samtaka neytenda er hægt að taka á ýmsum atriðum sem erfitt er að lögsetja. Má þar nefna skyldu lánastofnana til að meta greiðslugetu lántaka áður en til lánveitingar kemur. Það er eðlileg krafa að fjármálastofnanir gæti slíkrar varkárni við ráðstöfun fjár að lán sé ekki veitt nema líkur bendi til að lántaki sé borgunarmaður fyrir skuld sinni, óháð þeim tryggingum sem að baki liggja. Það er mjög mikilvægt fyrir ábyrgðarmann að geta gengið út frá því að greiðslugeta lántaka hafi verið metin. Kjósi fjármálastofnun að veita lán þrátt fyrir annmarka á greiðsluhæfi lántaka er eðlilegt að fjármálastofnun upplýsi ábyrgðarmann um þá annmarka. Þá er eðlilegt að kveða á um að fjármálastofnun beri að tilkynna um tilteknar breytingar á fjárhag aðalskuldara sem þýðingu hafa fyrir ábyrgðarmann.

Fulltrúar viðskiptaráðuneytisins leggja mikla áherslu á mikilvægi þess að ábyrgðarmaður sé vel upplýstur um hvað í ábyrgðinni felst. Ábyrgðarmaður tekur á sig víðtækar skyldur án þess að fá fjárhagslega umbun fyrir. Einstaklingur sem tekur á sig sjálfskuldarábyrgð ábyrgist á vissan hátt efndir á svipaðan hátt og væri hann lántaki. Þó einstaklingi sé ávallt í sjálfsvald sett hvort hann skrifar undir ábyrgðaryfirlýsingu fer ekki hjá því að honum sé við tilteknar aðstæður stillt upp við vegg af lántaka.

Þó samkomulag fjármálastofnana, stjórnvalda og samtaka neytenda hafi ótvírætt gildi þá bætir það ekki réttarstöðu ábyrgðarmanna með sama hætti og löggjöf. Að mati fulltrúa viðskiptaráðuneytisins er mikilvægt að ábyrgðarmenn eigi þess kost að kynna sér réttarstöðu sína gagnvart fjármálastofnunum í tilteknum meginatriðum og geti byggt rétt sinn á því. Þannig hafi þeir á traustum grunni að standa í samskiptum við fjármálastofnanir sem óneitanlega njóta yfirburða í samningum sínum við hinn almenna viðskiptamann. Þetta verður best gert með því að setja inn í núgildandi löggjöf um fjármagnsmarkað ákvæði sem veita ábyrgðarmönnum rétt til nauðsynlegra upplýsinga.

Lagaákvæðin einskorðist við upplýsingaskyldu lánveitenda sem lána fé í ágóðaskyni og skerði hvorki frelsi manna til samninga né þrengi starfsskilyrði fjármálastofnana.

Að mati fulltrúa viðskiptaráðuneytis er eðlilegt að kveða á um það í lögum að einstaklingur sem beðinn hefur verið um að undirrita ábyrgðaryfirlýsingu geti með auðveldum hætti fengið upplýsingar um stöðu aðalskuldara til að vera betur í stakk búinn að meta áhættuna. Þannig myndi aðili sem samþykktur hefur verið sem ábyrgðarmaður eiga rétt á að kynna sér viðskiptastöðu lántaka og aðrar þær upplýsingar um fjárhagsstöðu lántaka sem fjármálastofnunin hefur undir höndum án þess að fá skriflegt umboð lántaka. Þennan rétt ætti ábyrgðarmaður við stofnun ábyrgðarskuldbindingar sem og við vanskil hennar. Einnig væri rétt að kveða á um í löggjöf að fjármálastofnun geri ábyrgðarmönnum grein fyrir réttaráhrifum ábyrgðarskuldbindingarinnar við stofnun hennar. Þá verði kveðið á um að starfsreglur viðkomandi fjármálastofnunar um ábyrgð einstaklinga skuli liggja frammi á starfsstöð.

Beiting svokallaðra eyðuvíxla í viðskiptum fjármálastofnana við viðskiptamenn sína er sérstaklega varhugaverð að mati fulltrúa viðskiptaráðuneytisins. Þeir telja einnig brýnt að setja reglur um töku ábyrgða vegna greiðslukortaviðskipta. Nú eru ekki í gildi lög um starfsemi greiðslukortafyrirtækja. Í þeim tilfellum sem fjármálastofnanir krefjast trygginga vegna greiðslukortafyrirtækja kæmu ákvæði sem hér var lýst þó að haldi. Vegna sérstaks eðlis greiðslukortaviðskipta telja fulltrúar ráðuneytisins æskilegt að hugað verði að sérreglum um töku trygginga á þessu sviði, en víða erlendis eru ábyrgðir vegna greiðslukortaviðskipta bannaðar. Í slíkum reglum mætti meðal annars setja reglur um takmörk fjárhæðar sem þriðji maður ábyrgist, sérreglur um tilkynningaskyldu og reglur um ábyrgðir vegna útgáfu aukakorta.

Tillögur fulltrúa bankakerfisins

Fulltrúar bankakerfisins leggja til að stjórnvöld, lánastofnanir og samtök neytenda geri með sér samkomulag um aðgerðir til að bæta stöðu ábyrgðarmanna. Að slíku samkomulagi undirrituðu verði komið á samstarfsvettvangi þessara aðila til að fylgja því eftir. Í samkomulagi af þessu tagi gæti til að mynda verið kveðið á um ábyrgðarmaður geti almennt gengið út frá því að forsenda lánveitingar lánastofnunar sé greiðslugeta aðalskuldara en ekki hans eigin. Einnig að lánastofnun sé skylt að upplýsa ábyrgðarmann ef einhverjir annmarkar eru á greiðsluhæfi aðalskuldara og hvort um ábyrgð á gamalli skuld sé að ræða. Jafnframt væri hægt að kveða á um að lánastofnun beri að tilkynna ábyrgðarmanni um breytingar á fjárhag aðalskuldara sem auka áhættu ábyrgðarmannsins og hann hefur vitneskju um. Einnig kæmi til álita að lánastofnun beri að upplýsa ábyrgðarmann um inntak ábyrgðarinnar, hver réttarstaða hans sé og hvaða upplýsingar hann geti fengið. Samkomulag af þessu tagi á sér fyrirmynd frá Danmörku og Svíþjóð, eins og nánar er lýst í köflum 6.2 og 6.4. Með lánastofnunum er hér átt við viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, einkum eignarleigufyrirtæki. Jafnframt væri mikilvægt að samkomulagið tæki einnig til greiðslukortafyrirtækja, váttryggingarfélaganna og lífeyrissjóða og annarra fjármálafyrirtækja sem veita lán gegn persónuábyrgðum.

Samkomulag af því tagi sem hér hefur verið lýst hefur ekki lagagildi en lýsir vilja aðila til að ná fram breyttum viðskiptaháttum og úrbótum og hvað í slíkum breytingum felst. Dæmi eru um samvinnu stjórnvalda, lánastofnana og samtaka neytenda því haustið 1995 var sett á laggir kvörtunarnefnd fyrir viðskipti við fjármálafyrirtæki. Slíkar

kvörtunarnefndir eru velþekktar á Norðurlöndum og er oft byggt á niðurstöðum þeirra í málum er varða ábyrgðarmenn. Jafnframt má benda á að í febrúar 1996 stóðu þessir aðilar ásamt öðrum að stofnun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Í starfsemi Ráðgjafarstofunnar hafa komið fram vísbendingar um ýmislegt sem betur má fara varðandi persónuábyrgðir. Á hitt ber hins vegar að líta að þau mál sem koma til kasta Ráðgjafarstofunnar eru verstu málin, þar sem fjárhagur einstaklinga og fjölskyldna er í algerrí rúst af ýmsum ástæðum. Því ber að varast að draga almennar ályktanir af þessum málum.

Fulltrúar bankakerfisins telja að með samkomulagi af þessu tagi megi ná fram breyttum viðskiptaháttum og umbótum og því sé ekki þörf á atbeina löggjafans. Stjórnvöld geta síðan gripið í taumana og beitt sér fyrir lagasetningu ef þau telja að samkomulagið hafi ekki leitt til ásættanlegs árangurs miðað við fyrirfram skilgreind markmið. Nýverið skipuðu bankar, sparisjóðir og greiðslukortafyrirtækin vinnuhóp til að fara yfir ýmis gagnrýnisatriði, sem fram hafa komið opinberlega um persónuábyrgðir og samskipti við ábyrgðarmenn, og móta tillögur um úrbætur þar sem þeirra er talin þörf. Þessi vinnuhópur mun skila tillögum sínum í árslok 1996.

Fulltrúar bankakerfisins benda á að reynsla undanfarinna ára sýni að mikilvægt er fyrir lánastofnanir að leggja áherslu á meta greiðslugetu lántakenda og kanna hvaða tryggingar aðrar en ábyrgðir þriðja manns hann getur lagt fram. Þetta gera þær í sívaxandi mæli. Ekkert bendir til annars en að þessi þróun muni halda áfram með stöðugt harðnandi samkeppni og betri upplýsingakerfum sem gefa bönkum og sparisjóðum kleift að fá gleggri mynd af viðskiptasögu einstakra viðskiptamanna sinna. Kerfisbundin skráning og miðlun upplýsinga um skulda- og vanskilastöðu lántakenda hér á landi, eins og lýst er í kafla 2.2.2 og 7. kafla, myndi án efa stuðla enn frekar að þessari þróun.

Mikil breyting hefur átt sér stað til batnaðar í lánveitingum hér á landi á síðustu árum. Fjármagnsmarkaður hefur í raun tekið stakkaskiptum. Í stað miðstýrðra vaxtaákvæðana og skömmtnar lánsfjár eru vextir nú frjálsir og mikil samkeppni ríkir á markaði sem byggist á leikreglum markaðsbúskapar. Stöðugleiki í efnahagsmálum á síðustu árum hefur smám saman breytt hugsunarhætti almennings og lánastofnana, enda geta báðir aðilar nú gert trúverðugar áætlanir um framtíðarhagi sína. Agi hefur þannig aukist í starfsemi lánastofnana. Lánveitendur taka í auknum mæli mið af greiðslugetu lántakenda í stað þess að freistast til að líta fyrst og fremst til þeirra trygginga sem þeir geta lagt fram, að svo miklu leyti sem heildstæðar upplýsingar um fjárhagsstöðu lántakenda liggja fyrir. Jafnframt hafa lánveitendur lagt aukna áherslu á upplýsingamiðlun til ábyrgðarmanna, s.s. með útgáfu á upplýsingabæklingi um ábyrgðarveitingar o.fl.

Loks leggja fulltrúar bankakerfisins áherslu á að afar takmörkuð lagaákvæði gilda um skyldur lánastofnana við ábyrgðarmenn annars staðar á Norðurlöndunum sem og annars staðar í Evrópu. Þess í stað er byggt á ölögfestum reglum, dómsniðurstöðum og niðurstöðum kvörtunarnefnda. Ekki verður séð að fara þurfa aðra leið hér á landi. Jafnframt benda þeir á að íslenskar lánastofnanir standa frammi fyrir vaxandi samkeppni frá erlendum aðilum og að fyrirsjáanleg framþróun í fjarskipta- og tölvumálum, m.a. framþróun viðskipta á Internetinu, munu ýta enn frekar undir þessa

þróun. Við slíkar aðstæður er óásættanlegt að innlendar lánastofnanir þurfi að búa við strangari löggjöf en erlendir samkeppnisaðilar.

Tillögur fulltrúa Neytendasamtakanna og félagsmálaráðuneytisins

Fulltrúar Neytendasamtakanna og félagsmálaráðuneytisins telja stöðu ábyrgðarmanna mjög veika og því sé brýnt að bæta hana til muna. Ljóst er að ábyrgðarskuldbindingar eru mjög algengar hér á landi og mun algengari en í nágrannalöndum okkar. Vísað er til upplýsinga í skýrslu þessari um framkvæmd ábyrgðarveitinga, réttarstöðu ábyrgðarmanna og til áfangaskýrslu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, frá október 1996 varðandi þau mál er borist hafa Ráðgjafarstofu er tengjast útlánnum tryggðum með ábyrgð þriðja manns.

Upplýsingagjöf til ábyrgðarmanna er varða helstu þætti er lúta að ábyrgðinni er lítil og sérköggjöf um ábyrgðarveitingar er ekki fyrir hendi. Þörfin fyrir aukna vernd á þessu sviði er sérstaklega brýn nú þar sem framboð á lánsfé hefur aldrei verið meira og fasteignir veðsettari en áður hefur tíðkast. Augljóst er að vanda þarf betur til ákvarðana lánastofnana um lánveitingar. Lánveitingar með ábyrgð þriðja aðila eru í mörgum tilvikum dæmi um ógætilega lánastarfsemi, eins og nánar verður lýst. Mikilvægt er að auka þekkingu lántakanda á fjármálum og gildi þess að hafa heildarsýn yfir tekjur, skuldir og framfærslukostnað. Dæmi eru um að eignalaust fólk hafi á skömmum tíma eignast stórar skuldir gegn ábyrgðum vina og ættingja. Slík óraunhæf lántaka hefur leitt marga á algerar villigötur skuldbreytinga. Lánunum sem tryggð eru með ábyrgð þriðja manns er skuldbreytt aftur og aftur og vandinn hleðst upp. Lántakendur skuldbreyta lánunum vegna þess að greiðslugeta þeirra leyfir ekki afborgun á láninu og því er skuldbreyting í fjölmörgum tilfellum óraunhæf leið til þess að leysa ábyrgðarmann um stundarsakir undan því að taka á sig lán sem hann hefur ábyrgst. Athyglisvert er að þrjár af hverjum fjórum krónum sem umsækjendur Ráðgjafarstofu skulda bönkum og sparisjóðum eru með ábyrgð þriðja aðila. Í fjölmörgum tilvikum er ljóst að þessir lántakendur geta ekki staðið við skuldbindingar sínar og að það komi í hlut ættingja og vina að standa skil á lánunum. Erfiðustu málin hjá Ráðgjafarstofu eru tengd ábyrgðarlánunum, lántöku sem ekki hefur verið tengd greiðslugetu lántakanda. Dæmi eru um miklar hörmungar fjölskyldna vegna ábyrgða. Fjölskyldubönd og vinatengsl eru í uppnámi. Gremja, reiði og niðurlæging eru algeng viðbrögð. Ljóst er að vandi ábyrgðarmanna sem hafa skrifað upp á miklar lántökur fyrir fólk sem enga greiðslugetu hefur er mikill. Sama er að segja um þær lánastofnanir sem telja sig hafa lánveitingar sínar tryggðar með ábyrgðum eignalauss fólks sem sjálft er mjög skuldbætt. Lánastofnanir hafa í dag engar forsendur til þess að meta gildi sinna ábyrgðarmanna, þá ekki aðeins hver staða hans sjálfs er heldur einnig fyrir hve marga hann hefur skrifað upp á og fyrir hve hárrí fjarhæð. Ætla má að lánastofnanir hafi ofmetið ábyrgðarmenn á sl. árum og allt of mörg dæmi eru um gerviábyrgðir.

Við lánveitingar með ábyrgð þriðja manns er mikið ójafnræði með aðilum. Lántakendur eiga þá ekkert val, heldur er þeim gert að leita á náðir fjölskyldu eða vina til að ábyrgjast lán. Hinn almenni lántakandi getur því ekki neitað sínum vinum eða fjölskyldu um uppáskrift hversu góður viðskiptamaður sem hann er þar sem hann þarf á ábyrgð að halda þegar hann fær greiðslukort eða launalán. Í þessu sambandi þarf að huga að áhættutöku við lánveitingar. Lánastofnanir hafa hag af því að stunda lánastarfsemi en fjölskylda og vinir lántakanda sem engan fjárhagslegan ávinning hafa af lánveitingunni

er ætlað að taka áhættuna af því að lántakandi geti greitt lán sitt án þess að eiga aðgang að upplýsingum um fjárhagsstöðu lántakanda.

Fulltrúar Neytendasamtakanna og félagsmálaráðuneytisins leggja ríka áherslu á að sinna forvörnum og vilja stuðla að því að ofangreind dæmi heyri sögunni til. Lögð er rík áhersla á að forsendur lánveitinga byggist ætíð á greiðslugetu lántakanda og að ábyrgðarskuldbindingar verði undantekning en ekki meginregla eins og nú er. Til þess að ná fram þessum markmiðum þarf að setja heildarlöggjöf um ábyrgðir. Löggjöf er hefur það að markmiði að draga verulega úr umfangi ábyrgða og ákvæði er mæla fyrir um ákveðin grundvallaratriði varðandi ábyrgðarveitingar sem tryggja vönduð vinnubrögð við lánveitingar. Löggjöfin hafi það jafnframt að markmiði að ábyrgðarmaður sé upplýstur um allt það er lýtur að forsendum þess að hann gangist í ábyrgð og að honum verði tilkynnt ef þær forsendur breytast. Þá verði í löggjöf kveðið á um faglega ábyrgð lánastofnana við lánveitingar gegn ábyrgðum þriðja manns. Þau atriði sem hér er átt við lúta að því að ábyrgðarmaður geri sér grein fyrir inntaki og réttaráhrifum ábyrgðarskuldbindingar, að hann eigi rétt á að fá upplýsingar um fjárhagsstöðu lántakanda þegar til ábyrgðarinnar er stofnað og við vanskil. Að hann sé upplýstur um vanskil lántakanda á sama tíma og lántakandi fær tilkynningu um vanskil og um heimild til uppsagnar ábyrgðar og réttaráhrifum hennar. Ábyrgðarmaður skal upplýstur um allar breytingar sem verða á forsendum láns svo sem vegna skilmálabreytinga og breytinga á tryggingum sem að baki láninu standa. Nauðsynlegt er að löggjöf mæli fyrir um að gert sé faglegt greiðslumat á lántakanda sem og ábyrgðarmanni áður en lán er veitt en það tryggir að ekki sé veitt lán til aðila sem fyrirsjáanlegt er að muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Forsenda fyrir því að heimilt sé að taka ábyrgð þriðja manns verði að lántakandi hafi verið greiðslumetinn að öðrum kosti víki ábyrgð þriðja manns. Það leiði til þess að telji lánastofnun ekki þörf á að greiðslumeta lántakanda má stofnunin ekki taka ábyrgð þriðja manns til tryggingar. Banna þarf með löggjöf ótakmarkaðar ábyrgðarskuldbindingar, þ.e. ábyrgð á lánum sem ekki eru með hámarksfjárhæð eða til ákveðins tíma. Lögin þurfa að kveða á um réttaráhrif þess ef brotið hefur verið gegn ákvæðum laganna. Ef sýnt er fram á að ábyrgðarmaður hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að lagaskyldu hafi ekki verið sinnt falli ábyrgð hans niður sem því tjóni nemur.

Nauðsynlegt er að gildissvið slíkra laga sem hér hefur verið fjallað um taki til fjármálafyrirtækja sem hafa atvinnu af því að lána fjármagn til einstaklinga. Ekki er talið nægjanlegt að setja eingöngu ákvæði um ábyrgðarskuldbindingar í lög um viðskiptabanka og sparisjóði enda óeðlilegt að taka banka og sparisjóði sérstaklega út að þessu leyti.

Það er því skoðun fulltrúa Neytendasamtakanna og félagsmálaráðuneytisins að löggjöf um ábyrgðir sé mikilvægt úrræði til að tryggja réttarstöðu neytenda á lánamarkaði og eru eftirfarandi rök færð fyrir því.

- Með löggjöf er tryggð samræmd upplýsingagjöf til lántakenda, ábyrgðarmanna og lánastofnana um helstu þætti er lúta að ábyrgð og almennri lántöku.
- Með löggjöf er hægt að tryggja að greiðslumat lántakanda sé forsenda ábyrgðar þriðja manns.
- Með löggjöf er hægt að tryggja að ákveðin réttaráhræði komi til ef ekki farið eftir þeim reglum sem lögin mæla fyrir um.

- Löggjöf er mikilvægt úrræði til að tryggja viðhorfsbreytingu lántakenda sem og lánveitenda.
- Þær grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi lánveitinga sem löggjöf um ábyrgðarveitingar myndi mæla fyrir um mun taka skemmri tíma að verða að veruleika með löggjöf en með öðrum hætti, svo sem samkomulagi hagsmunaðila.
- Löggjöf gerir sönnunarfærslu í ágreiningsmálum auðveldari.

Niðurstöður fulltrúa Neytendasamtakanna og félagsmálaráðuneytisins

- Sett verði löggjöf sem hafi það að markmiði að dregið verði úr eða hætt lánveitingum með ábyrgð þriðja aðila og sem kveður á um faglega ábyrgð fjármálastofnana varðandi lánveitingar til einstaklinga. Þá mæli löggjöf fyrir um upplýsingaskyldu fjármálastofnana gagnvart ábyrgðarmönnum og almennt um réttarstöðu ábyrgðarmanna.
- Mat á greiðslugetu lántakanda verði í öndvegi við ákvörðun um lánveitingu og skuldbreytingar. Greiðslumat verði byggt á upplýsingum um tekjur, eignir, skuldir og framfærslukostnað fjölskyldunnar.

2.2.2 Upplýsingar lánveitanda um fjárhagsstöðu lántaka

Nefndin leggur til að lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga (tölvulögin) verði rýmkuð þannig að lánveitendum verði gert auðveldara að fá upplýsingar um skulda- og vanskilastöðu lántaka hjá öðrum lánastofnunum og fyrirtækjum. Samhliða verði hugað að breytingu á lagaákvæðum um viðskiptabanka og sparisjóði er varða skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.

Lánveitendur eiga ekki greiðan aðgang að upplýsingum um fjárhagsstöðu lántaka. Samkvæmt tölvulögunum má því aðeins veita upplýsingar um skuldastöðu manna að hafin hafi verið réttargerð til fullnustu hennar. Jafnframt eru fjárhæðarmörk sett. Það er því gert að skilyrði að upplýsingarnar séu opinberar. Þannig er fyrirtækjum er selja upplýsingar um lánshæfi mjög þröngur stakkur sniðinn hér á landi.

Víða erlendis eru fyrirtæki er veita upplýsingar um lánshæfi öflug, enda lagaákvæði um starfsemina oft á tíðum víðtækari en hér er. Til að mynda eru dönsku tölvulögin víðtækari en þau íslensku að því leyti að heimilt er að skrá vanskil ef kröfuhafi hefur fengið skriflega staðfestingu skuldara á því að skuldin sé gjaldfallin.

Um skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust hjá bönkum og sparisjóðum gilda lög um viðskiptabanka og sparisjóði. Ef fyrirtæki sem veita upplýsingar um lánshæfi eiga að geta fengið upplýsingar um vanskil skuldara hjá bönkum og sparisjóðum, aðrar en opinberar, þarf að breyta bankalöggjöfinni.

Það er mat nefndarinnar að brýnt sé að lánveitendur fái betri aðgang að upplýsingum um skulda- og vanskilastöðu lántaka. Ætla má að slíkar upplýsingar geti bæði dregið úr vanskilum og að ábyrgða yrði ekki krafist í sama mæli og á sér stað í dag. Aukinn aðgangur lánveitenda að upplýsingum um lántakendur gæti því stuðlað að bættri stöðu ábyrgðarmanna og stuðlað að betra viðskiptasiðferði. Nánar er fjallað um upplýsingar um fjárhagsstöðu í 7. kafla.

2.2.3 Fræðsla um fjármál og ábyrgðir

Nefndin telur nauðsynlegt að gera átak í fræðslu um fjármál heimila og einstaklinga. Í því efni leggur nefndin til að hugað verði að því að fræðsla um fjármál heimila og einstaklinga verði hluti af námsskrá grunnskóla og framhaldsskóla. Það er tillaga nefndarinnar að komið verði á samstarfi fjármálastofnana, yfirvalda menntamála og hlutaðeigandi ráðuneyta til að hrinda þessu í framkvæmd.

Fræðsla um fjármál heimilanna er ekki hluti af námsskrá grunnskóla og framhaldsskóla þrátt fyrir að fjármál heimilanna séu sífellt að verða flóknari með fjölbreyttari fjármagnsmarkaði. Það hefur enda komið á daginn að mikill fjöldi Íslendinga kann ekki fótum sínum forráð í fjármálum. Brýnt er að huga strax að því að byrgja brunninn með því að taka upp markvissa og öfluga fræðslu um fjármál heimilanna. Nemendur sækja tíma í heimilisfræðum, þar sem þeim eru kennd undirstöðuatriði í matseld og öðrum hliðstæðum heimilisstörfum. Jafnframt eru þeim kennd undirstöðuatriði í smíðum, hannyrðum og öðru hagnýtu sem að gagni kemur í lífi hvers einstaklings. Það er því einkennilegt að fræðslu skorti um fjármál heimilanna því að þau varða heill og hamingju fjölskyldunnar ef til vill meira en margt af því sem nemendum er nú kennt. Einstakar lánastofnanir hafa búið til fræðsluefni og haldið námskeið í skólum. Slíkt framtak er lofsvert. Hins vegar er ljóst að lánastofnanir munu ekki einar og sér geta staðið undir nauðsynlegri fræðslu til handa komandi kynslóðum. Því er nauðsynlegt að yfirvöld menntamála vakni til vitundar um nauðsyn þess að setja fjármálafræðslu inn í námsskrá grunnskóla og framhaldsskóla.

3. UMFANG ÁBYRGÐARVEITINGA

3.1 Inngangur

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir umfangi ábyrgðarveitinga hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Engar upplýsingar voru til hér á landi um umfangi ábyrgðarveitinga þegar nefndin hóf störf. Nefndin lét því gera skoðanakönnun um ábyrgðarveitingar og er stuðst við niðurstöður hennar í þessum kafla¹. Auk þess fékk nefndin upplýsingar um ábyrgðarmenn í bankakerfinu frá Reiknistofu bankanna og um ábyrgðarmenn námslána hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

3.2. Umfang ábyrgðarveitinga í bankakerfinu

Alls eru rúmlega 72 þús. manns í sjálfskuldarábyrgð á víxil- og skuldabréfalánum í bankakerfinu. Þessar upplýsingar eru fengnar úr víxla- og skuldabréfakerfum Reiknistofu bankanna. Taflan hér að neðan sýnir fjölda víxil- og skuldabréfalána og fjölda einstaklinga í sjálfskuldarábyrgð á lánum annarra einstaklinga.

<i>Tegund bréfs</i>	<i>Fjöldi lána</i>	<i>Þ.a. með sjálf-skuldarábyrgð</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi ábyrgð-armanna</i>	<i>Meðal-ábyrgð</i>
<i>Víxlar</i>	<i>18.181</i>	<i>18.124</i>	<i>99,7%</i>	<i>15.158</i>	<i>1.313.450</i>
<i>Skuldabréf</i>	<i>121.209</i>	<i>75.999</i>	<i>62,7%</i>	<i>67.958</i>	<i>743.704</i>
<i>Víxlar og skbr.</i>	<i>139.390</i>	<i>94.123</i>	<i>67,5%</i>	<i>72.186</i>	<i>975.951</i>

Alls eru tæplega 140 þús. einstaklingslán í víxil- og skuldabréfakerfi Reiknistofu bankanna. Rúmlega 94 þús. eru með sjálfskuldarábyrgð einstaklinga, eða 67% af heildarlánum. Fjöldi einstaklinga í ábyrgð er rúmlega 72 þús. manns. Fjölmargir eru í ábyrgð á bæði víxlum og skuldabréfum. Meðalábyrgðarskuldbinding á víxlum er mun hærri en á skuldabréfum, rúmlega 1,3 m.kr á móti tæpum 750 þús.kr. á skuldabréfum. Að meðaltali er hver ábyrgðarmaður í ábyrgð fyrir um 975 þús.kr. í bankakerfinu. Af rúmlega 72 þús. ábyrgðarmönnum eru um 54% í ábyrgð fyrir 500 þús.kr. eða lægri upphæð, tæplega 22% eru í ábyrgð fyrir 500 þús.kr. til 1 m.kr., tæp 15% fyrir 1–2 m.kr., tæp 8% fyrir 2–5 m.kr. og tæp 2% eru í ábyrgð fyrir upphæð yfir 5 m.kr. Hér eru einungis upplýsingar um víxla og skuldabréf en að auki eru ýmis konar tryggingabréf til tryggingar skuldum og greiðslukortum í bankakerfinu.

Nefndin fékk þær upplýsingar hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna að 41.878 einstaklingar væru í ábyrgð fyrir námslánum hjá sjóðnum.

¹ Skoðanakönnunin var gerð af Hagvangi hf. dagana 28. maí til 5. júní 1996. Úrtakið var slembiúrtak 1200 manna á aldrinum 18–75 ára á landinu öllu. Svarhlutfall var 72,7%.


3.3 Skoðanakönnun um umfang ábyrgðarveitinga

3.3.1 Fjöldi ábyrgðarmanna og tegundir fjárskuldbindinga

Í skoðanakönnun sem nefndin lét gera var meðal annars spurt hvort viðkomandi væri í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Rúmur þriðjungur úrtaksins segist vera í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Karlar og fólk á miðjum aldri virðist frekar vera í ábyrgð en konur og aðrir aldurshópar. Þá eru ábyrgðir óalgengari meðal lágtækjufólks en millitekju- og hátekjufólks en munurinn er þó ekki mikill. Lítill munur er á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Einungis 0,4% úrtaksins vissi ekki hvort það var í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila.

Ert þú núna í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila?

Allt landið 18 - 75 ára, þeir sem tóku afstöðu, skipt eftir markhópum




© 1996 Hagvangur hf

Langflestir ábyrgðarmanna ábyrgjast bankalán eða tæplega 80% þeirra sem á annað borð eru í ábyrgð fyrir þriðja aðila. Ábyrgðir á námslánum, greiðslukortalanum, bílalánnum og lífeyrissjóðslánnum eru mun fátíðari. Nokkuð er um að einstaklingar séu í ábyrgð fyrir fleiri en einni tegund fjárskuldbindinga.

Hver eða hverjar eru tegundir þeirra fjárskuldbindinga sem ábyrgðin stendur fyrir?

Allt landið 18 - 75 ára, þeir sem tóku afstöðu



© 1996 Hagvangur hf

Eins og fram kom hér að framan eru rúmlega 72 þús. manns í ábyrgð á víxlum og skuldabréfum í bankakerfinu, þ.e. hinum hefðbundnu bankalánnum. Samkvæmt skoðanakönnuninni eru tæplega 80% ábyrgðarmanna í ábyrgð fyrir bankalánnum. Rúmlega 20% ábyrgðarmanna eru því ekki í ábyrgð fyrir bankalánnum. Því má gera ráð fyrir að heildarfjöldi ábyrgðarmanna í landinu sé um 90 þús. eða um 47% af einstaklingum yfir 18 ára aldri. Það er nokkuð hærri tala en skoðanakönnunin gefur til kynna, sem bendir til að allnokkur fjöldi gerir sér ekki grein fyrir að hann sé í ábyrgð.


Skuldabréf er langalgengasta form ábyrgðar en um 86% ábyrgðarmanna eru í ábyrgð á skuldabréfum. Það kemur ekki á óvart þar eð bankalán eru flest á því formi. 28% ábyrgðarmanna eru í ábyrgð fyrir tryggingavíxlum, 22% fyrir víxillánnum og 14% hafa lánað veð.

3.3.2 Skuldari á ábyrgðarskuldbindingum

Algengast er að einstaklingar séu í ábyrgð fyrir börn eða systkini, en nærri 40% ábyrgðarmanna eru í ábyrgð fyrir hvorn þessara hópa. Einnig er algengt að einstaklingar séu í ábyrgð fyrir vini og kunningja, foreldra, aðra ættingja og maka. Mun fátíðara er að einstaklingar gangist í ábyrgð fyrir fyrirtæki og starfsfélaga. Algengt er að einstaklingar séu í ábyrgð fyrir fleiri en einn hóp.

Fyrir hvern eða hverja ertu í ábyrgð?

Allt landið 18 - 75 ára, þeir sem tóku afstöðu




© 1996 Hagvangur hf

3.3.3 Fjárhæð ábyrgðarskuldbindinga

Yfir 60% einstaklinga segist vera í ábyrgð fyrir upphæð undir 1 m.kr. Í tveimur af hverjum þremur tilvikum er þessi fjárhæð undir 500 þús.kr. Um 4% einstaklinga eru í ábyrgð yfir 5 m.kr.

Hvað ert þú u.þ.b. í ábyrgð fyrir hárri fjárhæð alls?

Allt landið 18 - 75 ára, skipt eftir markhópum



© 1996 Hagvangur hf

Nokkur munur er á svörum eftir aldri. Yngra fólk er með mun lægri fjárhæðir í ábyrgð en eldra fólk. Fólk yfir fimmtugt er hins vegar líkleggra en aðrir hópar til að vera í ábyrgð fyrir hærri fjárhæð en 1 m.kr.

Athyglisvert er að samkvæmt upplýsingum úr bankakerfinu eru einstaklingar í ábyrgð fyrir talsvert lægri fjárhæð en kemur fram í skoðanakönnuninni. Þannig eru til að mynda 54% í ábyrgð fyrir 500 þús.kr. eða lægri upphæð í bankakerfinu en um 38% svarenda í skoðanakönnuninni. Þessi munur gæti stafað að hluta af því að svarendur miða upphæð ábyrgðar við þá upphæð sem skrifað var undir en ekki eftirstöðvar lánsins.

3.4 Hve oft reynir á ábyrgð hér á landi?

3.4.1 Fjöldi einstaklinga sem greitt hefur skuld vegna ábyrgðar


Einn af hverjum tíu í úrtaki skoðanakönnunarinnar segist hafa þurft að greiða skuld vegna ábyrgðar fyrir þriðja aðila á síðustu fimm árum. Þetta jafngildir því að um 18 þúsund manns hafi greitt skuld vegna ábyrgðar á síðustu fimm árum.

Algengara er að karlar sitji uppi með ábyrgðir en konur. Rúm 12% karla hafa greitt skuld vegna ábyrgðar á síðustu fimm árum en einungis tæp 8% kvenna. Þetta er hlutfallslega töluvert meiri munur en er á fjölda karla og kvenna í ábyrgð. Nauðsynlegt er að reka hér varnagla. Hér svara einungis þeir sem greitt hafa skuld vegna ábyrgðar en það eru 10% af heildarúrtaki. Greining þessa hóps eftir kyni, búsetu, aldri og öðrum þáttum er því ekki eins tölfræðilega marktæk og í fyrri svörum þar sem svarendur voru fleiri. Segja má að svörin gefi vísbendingu um það sem spurt er um en öryggisbil er mun stærra en í fyrri svörum. Hið sama gildir um þær spurningar sem á eftir koma.

Einnig er athyglisvert hvað fjárskuldbindingar falla oftar á íbúa höfuðborgarsvæðisins en landsbyggðarinnar. Tæp 13% íbúa höfuðborgarsvæðisins hafa setið uppi með ábyrgðir en einungis tæp 7% íbúa landsbyggðarinnar. Þetta er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að ekki er marktækur munur á hlutfalli höfuðborgar- og landsbyggðarbúa sem eru í ábyrgð. Einnig er áberandi hversu fáir úr yngsta aldurshópnum hafa setið uppi með ábyrgðir.

Hefur þú greitt skuld vegna ábyrgðar fyrir þriðja aðila á síðustu fimm árum?

Allt landið 18 - 75 ára, þeir sem tóku afstöðu, skipt eftir markhópum




© 1996 Hagvangur hf

3.4.2 Skuldari á skuldbindingum sem fallið hafa á ábyrgðarmenn

Algengast er að ábyrgðarmenn hafi þurft að standa skil á skuldum vina og kunningja. Rúm 27% þeirra sem greitt hafa skuld vegna ábyrgðar hafa gert svo vegna vanefnda vina og kunningja. Rúm 20% hafa greitt ábyrgðir vegna barna sinna, tæp 18% vegna annarra ættingja og rúm 16% vegna fyrirtækja. Í kafla 3.3.2 hér að ofan kom fram að langalgengast er að ábyrgðarmenn skrifi upp á fyrir börn og systkini, mun algengara en til að mynda fyrir vini og kunningja. Þetta bendir til að meiri líkur séu á því að ábyrgðarmenn þurfi að leysa til sín skuld þegar gengist er í ábyrgð fyrir vini og kunningja en þegar gengist er í ábyrgð fyrir náinn ættingja.

Fyrir hvern hefur þú greitt skuld vegna ábyrgðar?

Allt landið 18 - 75 ára, þeir sem tóku afstöðu




© 1996 Hagvangur hf

3.4.3 Greiddar fjárhæðir vegna vanefnda skuldara

Í tæplega helmingi tilfella þar sem menn hafa greitt ábyrgðir fyrir aðra er um að ræða fjárhæðir undir 500 þús.kr. og tæp 60% hafa greitt minna en 1 m.kr. Yngsta fólkið hefur þurft að greiða minnst vegna vanefnda skuldara. Tæplega 15% vissi ekki upphæðina eða neitaði að svara spurningunni.

Hve háa fjárhæð hefur þú alls þurft að greiða vegna ábyrgðar fyrir aðra?

Allt landið 18 - 75 ára, skipt eftir markhópum




© 1996 Hagvangur hf

3.4.4 Fjárhagslegar afleiðingar vanefndar skuldara fyrir ábyrgðarmann

Algenzt er að ábyrgðarmenn hafi þurft að taka lán til að greiða skuld vegna ábyrgðar. Jafn algengt er að greiðsla skuldarinnar hafi haft litlar sem engar afleiðingar í för með sér. Nokkur fjöldi hefur þó þurft að selja eignir í kjölfar fallinna ábyrgða. Tæp 4% svarar því til að hafa orðið gjaldþrota vegna greiðslu ábyrgðarskulda.

Hverjar eru fjárhagslegar afleiðingar þess að þú varst krafinn um greiðslu (þ.e.a.s. fyrir utan það að hafa þurft að greiða skuldina)?

Allt landið 18 - 75 ára, skipt eftir markhópum



© 1996 Hagvangur hf

3.5 Umfang ábyrgðarveitinga annars staðar á Norðurlöndum

3.5.1 Inngangur

Í skýrslu um ábyrgðarveitingar einstaklinga sem út kom á vegum norræna ráðherraráðsins árið 1995 er meðal annars fjallað um umfang ábyrgðarveitinga á Norðurlöndum. Þar er gerð grein fyrir skoðanakönnunum sem gerðar voru í Noregi og í Svíþjóð um það hversu algengar ábyrgðir eru.² Hér á eftir verður gerð grein fyrir meginniðurstöðum þessara kannana og ályktun höfundar skýrslunnar út frá þeim.

3.5.1 Norskar kannanir

Í könnun, sem framkvæmd var árið 1992, kom í ljós að 20% foreldra með uppkomin börn höfðu gengist í ábyrgð fyrir þau og 4% höfðu lánað veð.

² Peter Møgelvang-Hansen: Privat kaution for banklån, Nord 1995:40, bls. 26.

Við könnun á lántökum heimilanna kom í ljós að 13% bílalána og 21% neytendalána voru árið 1993 tryggð með ábyrgð.

Í könnun sem framkvæmd var í norskum banka árið 1993, kom í ljós að 11% af lánum yfir 10 þús. NOK, sem voru í vanskilum, væru tryggð með ábyrgð. Sama könnun leiddi í ljós að helmingur allra slíkra lána var hærri en 50 þús. NOK.

Í könnun, sem gerð var á því hversu algeng lán með persónuábyrgð væru hjá hópi fólks sem sótt hafði um greiðsluaðlögun, kom í ljós að 13% umsækjanda hafði tekið á sig ábyrgð á skuldbindingum annarra.

3.5.3 Sænskar kannanir

Í skýrslu neytendaráðs 1990/91:14 um skuldir og greiðsluerfiðleika heimilanna kemur fram að 9% allra lána voru tryggð með ábyrgð og að 25% neytendalána hjá bönkum voru tryggð með ábyrgð.

Í sænskri könnun frá árinu 1994 kom í ljós að u.þ.b. 40% Svía á aldrinum 16–74 ára hafði kynnst ábyrgð. Fram kom að 22% aðspurðra höfðu ýmist sjálfir eða maki þeirra gengist í ábyrgð fyrir aðra og 21% hafði fengið ábyrgð annarra fyrir skuldbindingum sínum eða maka síns. Af þeim sem spurðir voru lýstu 2% því yfir að hafa lent í vandræðum í tengslum við það að hafa tekið á sig ábyrgð. Í ljós kom að meirihluti lána með ábyrgð var undir 100 þús. SEK og 32% lána var á bilinu 100–200 þús. SEK.

87% spurðra vissu ekki nákvæmlega hvað ábyrgðarskuldbinding gæti haft í för með sér.

3.5.4 Niðurstaða

Í norrænu skýrslunni kemur fram að samsvarandi talnaefni liggi ekki fyrir hjá öðrum Norðurlandarákjum en höfundur telur þó ekki ástæðu til að ætla að frávik séu mikil þar. Með hliðsjón af framangreindum könnunum telur höfundur skýrslunnar óhætt að draga þær ályktanir að á 10% heimila á Norðurlöndum séu aðilar sem eru í ábyrgð fyrir skuldbindingum annarra. Höfundurinn telur einnig unnt að ganga út frá því að 10. hver ábyrgðarskuldbinding (einstaklinga) verði virk. Einnig telur hann að flestar ábyrgðarskuldbindingar taki til fjárhæðar undir 1 m.kr. Þá telur höfundur ljóst að fæstir einstaklingar geri sér ljóst hvað felst í því að taka á sig ábyrgð.

4. FRAMKVÆMD ÁBYRGÐARVEITINGA

4.1 Inngangur

Í þessum kafla er gerð grein fyrir þeim meginreglum sem gilda um framkvæmdina við ábyrgðarveitingar. Í þessu sambandi voru kannaðar helstu reglur sem gilda að þessu leyti hjá ýmsum stofnunum og félögum sem fara fram á ábyrgð þriðja aðila til tryggingar kröfum sínum gagnvart aðalskuldara. Undir það falla bankar, sparisjóðir, Lánasjóður íslenskra námsmanna, eignarleigufyrirtæki, tryggingafélög, greiðslukortafyrirtæki og stærri verslanir sem veita lán fyrir vörukaupum.

4.2 Hvenær er krafist persónuábyrgða og hvaða kröfur eru gerðar til ábyrgðarmanna?

Samkvæmt upplýsingum banka og sparisjóða er það metið í hvert skipti hvort krafist er persónuábyrgða til tryggingar skuldbindingum aðalskuldara. Við matið er litið til fjárhæðar láns og lánstíma. Algengast er að farið sé fram á fasteignaveð ef um háa lánsfjárhæð er að ræða og ef lán er til langs tíma. Ef um mjög lágar fjárhæðir er að ræða til skamms tíma er skuldbinding aðalskuldara stundum látin duga ein sér.³ Verulegur hluti lánveitinga virðist þó tryggður með ábyrgð þriðja aðila og samkvæmt upplýsingum frá Reiknistofu bankanna eru tvö bankalán af hverjum þremur tryggð með sjálfskuldarábyrgð. Háð er mati hverju sinni hversu margra ábyrgðarmanna bankar og sparisjóðir krefjast, en oftast er um 1–2 ábyrgðarmenn að ræða. Til þess að bankar og sparisjóðir meti einstaklinga gilda sem ábyrgðarmenn á skuldbindingar annarra, verða þeir að fullnægja tilteknum skilyrðum. Flestir bankar og sparisjóðir gera kröfur til þess að ábyrgðaraðilar séu fasteignareigendur, þó er það ekki algilt. Almennt fer ekki fram athugun á veðsetningu fasteigna ábyrgðarmanna. Jafnframt er þess almennt krafist að ábyrgðaraðilar séu ekki á vanskila- eða lokanaskrá og séu ekki í vanskilum við viðkomandi stofnun.

Hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna eru öll lán með persónuábyrgð enda er gerð krafa um það í lögum um sjóðinn, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1992. Lögin gera ráð fyrir því að a.m.k. einn ábyrgðarmaður ábyrgist námslán og er það meginreglan. Ef hins vegar námsmaður sjálfur er ótryggur skuldari er oft krafist tveggja ábyrgðarmanna. Rétt er að nefna það að sjóðnum er óheimilt að synja námsmanni um lán þó að hann sé álitinn ótryggur skuldari og er þá eina úrræðið að krefjast aukinna trygginga.⁴ Til þess að einstaklingar séu metnir gildir sem ábyrgðarmenn mega þeir ekki vera í vanskilum við sjóðinn og mega ekki vera á vanskilaskrá. Ekki er gerð krafa um að þeir séu fasteignareigendur.

Hjá öðrum aðilum en taldir eru hér að ofan er einnig mjög algengt að farið sé fram á persónuábyrgðir til tryggingar skuldum aðalskuldara og fer þá eftir mati hversu margra ábyrgðarmanna er krafist. Almennt eru gerðar þær kröfur til ábyrgðarmanna að þeir séu

³ Hjá þessum stofnunum kom fram að um matsatriði væri að ræða í hvert skipti. Algengt er þó að krafist sé fasteignaveðs ef lánstími er lengri en 3 til 5 ár. Misjafnt var við hvaða fjárhæðir er miðað þegar skuldbinding aðalskuldara er látin duga, en það virðist þó aðallega eiga sér stað í þeim tilvikum þegar um yfirdráttarheimildir er að ræða að fjárhæð kr. 50-100 þús.

⁴ Samkvæmt upplýsingum frá LÍN er námsmaður talinn ótryggur skuldari ef hann er á vanskilaskrá og/eða er í vanskilum við sjóðinn. Þó kom fram að þetta væri metið í hvert skipti af lögmanni sjóðsins og ef um væri að ræða gömul mál á vanskilaskrá sem ekki væru talin hafa áhrif á það að námsmaður teldist tryggur skuldari væri einn ábyrgðarmaður oft látinn duga.

ekki á vanskilaskrá. Oftast er það einnig gert að skilyrði að ábyrgðarmenn séu fasteignareigendur, sérstaklega ef um hærri fjárhæðir er að ræða.

4.3 Upplýsingar til ábyrgðarmanna áður en stofnað er til ábyrgðarskuldbindinga

Hjá flestum þessara stofnana og félaga kom fram að ábyrgðarmenn væru ekki sérstaklega upplýstir um það hvað felst í þeirri ábyrgð sem þeir taka á sig áður en til ábyrgðarskuldbindingar væri stofnað. Hjá mörgum kom fram að oftast væri reynt að gera fólki grein fyrir því hvað það væri að gera en jafnframt kom fram að algengast væri að ábyrgðarmenn skrifuðu undir ábyrgðarskuldbindingu utan viðkomandi stofnunar eða félags og kæmu því aldrei á staðinn. Einnig kom fram að einhverjir bankanna og sparisjóðanna hafa látið prenta bækling þar sem fram koma upplýsingar til ábyrgðarmanna um sjálfskuldarábyrgð og að ábyrgðarmönnum væri bent á þennan bækling eins og kostur væri.

Ábyrgðarmenn virðast almennt ekki vera upplýstir um það af hálfu viðkomandi stofnunar ef staða skuldara er slæm hjá þeirri stofnun á þeim tíma þegar ábyrgðarmaður tekur á sig ábyrgðarskuldbindingu. Hjá einhverjum bankanna og sparisjóðanna kom fram að í sérstaklega slæmum málum væri stundum haft samband við ábyrgðarmenn en það væri undantekning frekar en regla.

Í þeim tilvikum, sem stofnun veitir skuldara nýtt lán til þess að greiða upp eldri skuldir og ábyrgðarmenn, sem ekki ábyrgðust hinar eldri skuldir, eru fengnir til að skrifa upp á, eru þeir sjaldnast upplýstir um þær aðstæður. Hjá flestum þessara aðila kom hins vegar fram að í þeim tilvikum, sem skilmálabreyta ætti skuldabréfum með persónuábyrgð, væri alltaf farið fram á samþykki ábyrgðarmanna. Einnig kom fram að fyrir kæmi að ábyrgðarmenn neituðu að samþykkja slíkar breytingar en neyddust svo til þess að gera það eða að öðrum kosti að leysa til sín skuldina. Hjá einu fyrirtæki kom þó fram að ef veitt væri nýtt lán til að greiða eldri skuld væri getið um þær aðstæður á skuldabréfinu sjálfu.

4.4 Tilkynningar til ábyrgðarmanna um vanskil aðalskuldara

Bankar og sparisjóðir eru tengdir Reiknistofu bankanna og eru tilkynningar um vanskil sendar sjálfvirkir út frá Reiknistofunni, bæði hvað varðar víxla og skuldabréf. Samkvæmt upplýsingum frá Reiknistofunni fá aðalskuldarar vanskilatilkynningu á sjöunda degi vanskila en ábyrgðarmenn fá ekki tilkynningu um vanskil fyrr en á þrítugasta degi vanskila. Auk þess eru margir banka og sparisjóða með svo kallað milliinnheimtukerfi og er ábyrgðarmönnum send tilkynning um það þegar krafa er tekin í milliinnheimtu.⁵ Einnig kom fram að ábyrgðarmönnum er almennt send lokaviðvörðun

⁵ Milliinnheimta er eins konar millistig innheimtu skuldar hjá banka eða sparisjóði, þ.e. milli þess að vanskilatilkynningar eru sendar út og þess að krafa er sett í lögfræðinnheimtu. Fyrst eru sendar út vanskilatilkynningar og ef ekki er greitt er krafa tekin í milliinnheimtu. Misjafnt er eftir stofnunum

áður en kröfu er komið í lögfræðilega innheimtu og gefinn kostur á að leysa málið hjá viðkomandi banka eða sparisjóði. Varðandi tilkynningu til ábyrgðarmanna um gjaldfellingu skuldabréfa kom fram að þegar mál væru komin á það stig væru þau komin úr höndum banka og sparisjóða og í lögfræðinnheimtu. Samkvæmt upplýsingum þessara aðila er ábyrgðarmönnum tilkynnt um slíka framkvæmd af hálfu þeirra lögmannna sem annast innheimtu kröfunnar.

Framangreind framkvæmd um tilkynningar banka og sparisjóða um vanskil til ábyrgðarmanna er einungis viðhöfð í þeim tilvikum þegar um skuldabréf eða víxla er að ræða en á ekki við þegar um er að ræða vanskil vegna greiðslukortaúttekta og yfirdráttarheimilda á tékkareikningum. Til tryggingar slíkum skuldum er almennt farið fram á tryggingarvíxla með 1–2 ábyrgðarmönnum. Slíkir víxlar eru ekki settir inn í skuldakerfi banka og sparisjóða líkt og venjulegir víxlar og þar af leiðandi fara ekki út sjálfkrafa tilkynningar um vanskil. Um er að ræða svokallaða sýningarvíxla, þ.e.a.s. þeir eru óutfylltir hvað varðar gjalddaga og skulu því greiðast við sýningu. Vanskil vegna víxilsins sjálfs markast við sýningardag.⁶

Hjá þeim bönkum og sparisjóðum sem hafa milliinnheimtukerfi fá ábyrgðarmenn tilkynningar um vanskil þegar skuldir vegna greiðslukortaúttekta og yfirdráttarheimilda eru settar í milliinnheimtu. Hjá sumum þessara aðila fer út sjálfkrafa tilkynning til ábyrgðarmanna um vanskil vegna greiðslukortaúttekta þegar u.þ.b. tveir gjalddagar eru fallnir í vanskil en það á ekki við um vanskil vegna yfirdráttarheimilda.⁷ Þá kom fram

eftir hve langan tíma það er gert, en algengt er að það sé gert eftir 2–3 mánaða vanskil. Þegar skuld er komin í milliinnheimtu er fylgst með henni og sérstakur vanskilakostnaður bætist við skuldina. Við þetta er bæði skuldurum og ábyrgðarmönnum sendar vanskilatilkynningar. Ef ekki er greitt þrátt fyrir þetta er skuld sett í lögfræðilega innheimtu eftir tiltekinn tíma.

⁶ Hér á landi hefur tíðkast að bankar, sparisjóðir og greiðslukortafyrirtæki krefjist óutfylltra tryggingarvíxla, einkum til tryggingar yfirdráttarheimildum á tékkareikningum og greiðslukortaúttektum. Algengt er að farið sé fram á tvo ábyrgðarmenn, þ.e. útgefanda og framseljanda. Þetta tryggingarform hefur í för með sér mikla óvissu fyrir ábyrgðarmenn um ábyrgðarskuldbindingar sínar, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjaness nr. 200/1995. Í því máli skrifaði Þ sem útgefandi á víxil til tryggingar yfirdráttarheimild á reikningi Ú við tiltekinn sparisjóð (S). Víxillinn var óutfylltur hvað varðar útgáfudag, gjalddaga og fjárhæð en meðfylgjandi var yfirlýsing ábyrgðarmanna þess efnis að S hefði heimild til að fylla víxilinn út ef greiðslufall yrði. Yfirdráttarheimildin var kr. 100.000 í upphafi en var í lokin komin upp í 3,8 m.kr. Víxillinn var fylltur út með þeirri fjárhæð og Þ krafinn um greiðslu. Þ leysti skuldina til sín með töku láns hjá S með veði í fasteign sinni en lánið fór í vanskil og var fasteignin seld á uppboði. Þ höfðaði þá mál á hendur S til endurgreiðslu þessara fjármuna. Hann kvaðst hafa haldið að ábyrgðin væri takmörkuð við kr. 100.000 og hann hefði ekki skrifað upp á ef hann hefði vitað að heimildin yrði hækkuð án samþykkis hans. Hjá S kom fram að ekki hefði verið venjan að tilkynna ábyrgðarmönnum um hækkunir á yfirdráttarheimildum. Í niðurstöðu héraðsdóms segir að Þ hefði haft kost á að takmarka ábyrgð sína í umboðinu. Einnig kemur fram að hann hafi hvenær sem er getað tilkynnt S um niðurfellingu ábyrgðar sinnar. Víxillinn væri dæmigerður víxill skv. 10. gr. laga nr. 93/1933 og ekki væri sannað að samið hefði verið um 100.000 kr. yfirdráttarheimild. Þar segir einnig að engin lagaskylda hafi hvílt á S að tilkynna um hækkun heimildar. S var því ekki talinn hafa farið út fyrir heimild sína skv. umboði og var sýknaður af kröfum Þ. Dóminum hefur ekki verið áfrýjað.

⁷ Í úrskurði Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sem kveðinn var upp þann 25. september sl., kemur fram af hálfu Greiðslumiðlunar hf. að fyrirtækið sendi vanskilatilkynningar til ábyrgðarmanna þegar tveir gjalddagar eru í vanskilum. Tilkynningin er þó ekki póstlögð beint til

að stundum væri hringt í ábyrgðarmenn eða þeim skrifað sérstaklega vegna vanskila, bæði vegna greiðslukortauáttækta og yfirdráttarheimilda en engin sérstök regla er á slíkum tilkynningum. Í öðrum tilvikum fá ábyrgðarmenn ekki tilkynningar um vanskil fyrir en með tilkynningu um að skuldin verði send í lögfræðilega innheimtu.

Mörg fyrirtæki, sem veita viðskiptamönnum sínum lán vegna viðskipta, láta banka og sparisjóði innheimta kröfur sínar. Um slíkar kröfur gildir hið sama og fram kom hér að ofan, þ.e. ábyrgðarmenn fá sjálfvirkar tilkynningar frá Reiknistofunni um vanskil aðalskuldara. Hjá öðrum aðilum kom fram að ábyrgðarmenn fengju almennt tilkynningar um vanskil samhliða því sem aðalskuldara væri send tilkynning. Nokkuð misjafnt var eftir aðilum á hvaða tíma slíkar tilkynningar eru sendar. Dæmi voru þó um að ábyrgðarmaður fái ekki tilkynningu um vanskil fyrir en með tilkynningu um að krafa verði send í lögfræðilega innheimtu.

ábyrgðarmanna heldur til viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóðs korthafa sem tekur svo ákvörðun um meðferð þeirra.

5. RÉTTARSTAÐA ÁBYRGÐARMANNA

5.1 Inngangur

Í þessum kafla er gerð grein fyrir réttarstöðu ábyrgðarmanna hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum samkvæmt þeim reglum sem um þetta gilda hvort heldur lögfestum eða ólögfestum. Einnig verður gerð grein fyrir hugtakinu ábyrgð og mismunandi ábyrgðarformum.

5.2 Skilgreining ábyrgðarhugtaksins og mismunandi ábyrgðarform

Ábyrgðarhugtakið hefur verið skilgreint þannig að átt sé við að ákveðinn aðili (ábyrgðarmaður) skuldbindi sig persónulega til þess að tryggja öðrum aðila (kröfuhafa) fullar efndir á tiltekinni skuld tiltekins þriðja aðila (skuldara). Það að ákveðinn aðili (veðþoli) lánar öðrum manni (skuldara) veð í fasteign sinni eða annarri eign sinni til tryggingar tiltekinni skuld skuldarans gagnvart þriðja aðila (kröfuhafa), fellur ekki undir ofangreinda skilgreiningu, þó svo að staða slíks veðþola sé oft áþekk stöðu ábyrgðarmanns. Munurinn á þessu tvennu er aðallega fólgin í því að í seinna tilvikinu ábyrgist veðþoli efndir kröfunnar gagnvart kröfuhafa einungis með þeirri eign sem sett er að veði en þegar um ábyrgð er að ræða ábyrgist ábyrgðarmaður persónulega efndir kröfunnar með öllum eigum sínum.

Helstu tegundir ábyrgðarforma eru tvær og kallast *einföld ábyrgð* og *sjálfskuldarábyrgð*. Í einfaldri ábyrgð felst að ekki er unnt að ganga að ábyrgðarmanni fyrir en fullreynt hefur verið að ekki fáist greiðsla hjá aðalskuldara. Í slíkum tilvikum verður kröfuhafi því að sanna að hann hafi reynt til fulls að innheimta kröfuna hjá aðalskuldara en hann hafi ekki getað greitt. Sem dæmi um slíkar innheimtutilraunir má nefna árangurslausa aðför hjá aðalskuldara, sbr. Hrd. 1962:272⁸, eða ef hann er orðinn gjaldþrota. Í sjálfskuldarábyrgð felst hins vegar að unnt er að ganga að ábyrgðarmanni þá þegar að aðalskuldari hefur vanefnt kröfuna, án tillits til þess hvort kröfuhafi hafi reynt frekar að fá kröfuna greidda hjá aðalskuldara. Einnig má nefna að samkvæmt 3. mgr., sbr. 1. og 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, getur kröfuhafi ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi aðalskuldara ef krafa hans er nægilega tryggð með ábyrgð þriðja manns. Það er því bæði svo að kröfuhafi þarf ekki að sannreyna ógjaldfærni aðalskuldara til þess að geta krafist sjálfskuldarábyrgðarmann um greiðslu og einnig í hina áttina að hann getur ekki krafist gjaldþrotaskipta ef krafa hans er tryggð með ábyrgð þriðja manns.

Það er meginregla í kröfurétti að ábyrgð teljist einföld ábyrgð nema annað sé sérstaklega tekið fram. Sjálfskuldarábyrgð er þó algengasta ábyrgðarformið. Ekki þarf að koma fram berum orðum að ábyrgðarmaður takist á hendur sjálfskuldarábyrgð en þá verður að vera ótvírætt að unnt sé að ganga að ábyrgðarmanni þá þegar við vanefnd

⁸ Í því máli var litið svo á að árangurslaus löghaldsgerð, þar sem upplýst var að búi aðalskuldara væri eignalaust, væri nægileg sönnun um ógjaldfærni skuldara.

aðalskuldara. Ábyrgð útgefanda og framseljanda á greiðslu víxils er þó alltaf sjálfskuldarábyrgð, sbr. 43. gr. víxillaga nr. 93/1933 og þarf víxillinn því ekki að kveða á um það.

5.3 Aðgerðir kröfuhafa vegna vanefnda aðalskuldara

5.3.1 Kröfuhafi lætur hjá líða að innheimta kröfuna hjá aðalskuldara

Kröfuhafi glatar ekki rétti sínum gagnvart ábyrgðarmanni þó að hann láti hjá líða um lengri tíma að krefja aðalskuldara um greiðslu.⁹ Þrátt fyrir framangreinda reglu ber þess þó að geta að kröfuhafi getur glatað kröfu sinni á hendur ábyrgðarmanni ef hann lætur hjá líða að krefja ábyrgðarmann um greiðslu og krafan fellur niður fyrir fyrningu. Um þetta gilda aðallega lög nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Samkvæmt 4. tl. 3. gr. þeirra laga fyrnast kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum á fjórum árum og telst fyrningarfresturinn frá þeim degi er krafan varð gjaldkræf.

Sérstakar fyrningarreglur gilda um víxla samkvæmt víxillögum nr. 93/1933. Samkvæmt 2. mgr. 70. gr. þeirra laga fyrnast kröfur víxilhafa á hendur framseljanda og útgefanda á einu ári og telst fyrningarfresturinn frá þeim degi er afsagnargerð fór fram eða frá gjalddaga ef fyrirvari hefur verið gerður um fullnustu án kostnaðar.¹⁰ Samkvæmt 3. mgr. 70. gr. víxillaga fyrnast kröfur framseljanda á hendur öðrum framseljendum eða útgefanda á sex mánuðum frá þeim degi er framseljandi leysti víxilinn til sín eða frá þeim degi er fyrningu var slitið gagnvart honum.

Það skal einnig nefnt að ef krafa kröfuhafans gegn aðalskuldara fellur niður fyrir fyrningu þá fellur einnig niður krafa hans gegn ábyrgðarmönnum. Þar sem fyrningartími ábyrgðarskuldbindinga er mun styttri en fyrningartími aðalkröfunnar, sbr. lög nr. 14/1905 og lög nr. 93/1933, reynir ekki á þetta nema kröfuhafi hafi haldið við kröfu sinni gagnvart ábyrgðarmanni en látið kröfu sína gegn aðalskuldara fyrnast.

5.3.2 Tilkynning kröfuhafa til ábyrgðarmanns um vanskil aðalskuldara

5.3.2.1 Reglur sem gilda hér á landi

Hér á landi hvílir ekki lagaskylda á kröfuhöfum til að tilkynna ábyrgðarmönnum um vanskil aðalskuldara. Regla þessi er byggð á þeim rökum að ábyrgðarmenn eigi í flestum tilvikum að geta fylgst sjálfir með því hvort krafa er efnd á réttum tíma.¹¹ Ef

⁹ Hrd. 1995:1493. Þar sagði í dómsniðurstöðu að kröfueigandi tapi ekki rétti gagnvart sjálfskuldarábyrgðarmanni þó að hann hafist ekkert að gagnvart aðalskuldara svo fremi að aðalkrafan glatist ekki.

¹⁰ Vixileyðublöð banka og sparisjóða eru flest með slíkum fyrirvara í dag.

¹¹ Hrd. 1995:1493. Í því máli bar sjálfskuldarábyrgðarmaður m.a. fyrir sig að kröfuhafi hefði ekki tilkynnt honum um vanskil aðalskuldara þannig að honum hefði gefist tækifæri til að leysa skuldina til sín. Í niðurstöðu dómsins segir að skv. almennum reglum kröfuréttar hvíli ekki sérstök tilkynningarskylda á kröfueiganda gagnvart sjálfskuldarábyrgðarmanni verði vanskil á greiðslu

ábyrgðarmaður hefur gert það að skilyrði fyrir ábyrgð sinni að kröfuhafi tilkynni honum um vanefnd aðalskuldara fer það eftir túlkun á ábyrgðarsamningnum hverju sinni hvaða afleiðingar það hefur ef kröfuhafi vanefnir þá skyldu sína.¹² Í úrskurði Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálastofnanir nr. 3/1996 var m.a. fjallað um skyldu sparisjóðs (s) til þess að tilkynna útgefanda á tryggingarvixli um vanskil vegna greiðslukorts. Meirihluti nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu að s hafi fylgt þeim reglum sem settar hafi verið um meðferð kreditkortanna þó að útgefanda hafi ekki verið tilkynnt um vanskilin, en bendir þó á að rétt sé að setja nánari reglur um m.a. hvort tilkynna beri ábyrgðarmanni um það ef korthafi fer út fyrir umsamin úttektarmörk.

Í kjölfar úrskurðarins hefur nefndin sent viðskiptabönkum, sparisjóðum og greiðslukortafyrirtækjum bréf þar sem beint er þeim tilmælum til þessara aðila að reglur og venjur um kreditkort verði endurskoðaðar.

5.3.2.2 Norrænar reglur

Í norrænum rétti gildir einnig sú meginregla að ekki hvílir almenn lagaskylda á kröfuhöfum til þess að tilkynna ábyrgðarmönnum um vanskil. Í Finnlandi hvílir þó skylda á kröfuhöfum að tilkynna ábyrgðarmanni um vanskil innan mánaðar frá gjalddaga, samkvæmt lögum nr. 540/1994 sem bera heitið Lag om ändring av 10. kap. handelsbalken. Ef það er ekki gert getur bankinn ekki krafist vaxta, dráttarvaxta eða annars samsvarandi kostnaðar sem fellur á þann hluta kröfunnar sem er í vanskilum eftir það tímamark.

Í Danmörku hvílir skylda á bönkum og sparisjóðum til þess að tilkynna ábyrgðarmönnum um vanskil aðalskuldara og er kveðið á um þessa skyldu í 41. gr. laga um banka og sparisjóði. Þar eru því gerðar strangari kröfur til banka og sparisjóða en annarra kröfuhafa. Samkvæmt ofangreindu ákvæði er þeim stofnunum skylt að tilkynna ábyrgðarmanni um vanskil innan sex mánaða frá gjalddaga. Ef stofnun brýtur gegn þessu ákvæði glatar hún kröfu sinni á hendur ábyrgðarmanni í þeim mæli sem ábyrgðarmaðurinn hefur orðið fyrir tjóni vegna þessa. Í þeim tilvikum sem bankar hafa brotið gegn þessu ákvæði hefur krafa þeirra gegn ábyrgðarmönnum í fæstum tilvikum verið lækkuð eða felld niður þar sem oft reynist erfitt að sýna fram á að fjárhagur aðalskuldara hafi versnað á tímabilinu og því hafi möguleikar ábyrgðarmanns á því að hafa uppi endurkröfu á hendur aðalskuldara minnkað. Ákvæðið hefur verið túlkað á þann veg að sönnunarbyrðin hvíli á ábyrgðarmanninum að þessu leyti.¹³

aðalkröfu. Þá varð ekki séð að kröfuhafi hafi tekið á sig víðtækari skyldur gagnvart ábyrgðarmanni að þessu leyti.

¹² Sjá kafla 5.5 hér á eftir.

¹³ Dómur hæstaréttar í Danmörku nr. U 1975:168. K var ábyrgðarmaður á láni S í tilteknum banka. Mál var höfðað á hendur K til greiðslu skuldarinnar. K hafði ekki verið send tilkynning um vanskil í samræmi við ákvæði bankalaga en niðurstaða dómsins var á þá leið að staða K hefði ekki verið betri þó svo hefði verið og var hann því dæmdur til greiðslu kröfunnar.

Í U 1995:77 kom fram að fjárhagsstaða aðalskuldara hefði verið það slæm lengi að möguleikar ábyrgðarmanns á því að hafa uppi endurkröfu á hendur honum hefðu ekki verið betri þó að honum hefði verið tilkynnt um vanskilin í samræmi við bankalögin.

Í Noregi gildir sú meginregla að ábyrgðarmaður verði sjálfur að fylgjast með því hvort aðalskuldari efnir skuldbindingu sína. Þó hefur verið talið að á bönkum hvíli skylda til að vara ábyrgðarmenn við vanskilum aðalskuldara í þeim tilvikum sem ætla má að það hafi raunverulega þýðingu fyrir ábyrgðarmenn.¹⁴ Í Noregi liggur fyrir lagafrumvarp þar sem fjallað er um ábyrgðir og samkvæmt því er lögð skylda á þær stofnanir, sem lögin taka til, að tilkynna ábyrgðarmanni um vanskil aðalkröfu innan tveggja mánaða.¹⁵

Í Svíþjóð er lagt til grundvallar að almenn tilkynningarskylda hvíli á bönkum og ef brotið er gegn þeirri skyldu, lækkar ábyrgðarskuldbindingin í þeim mæli sem endurkrafa ábyrgðarmannsins hefur rýrnað vegna þessa. Þó er talið að tilkynningarskylda hvíli ekki á banka í þeim tilvikum sem hann hefur haft ástæðu til að ætla að ábyrgðarmaðurinn hafi aðgang að þessum upplýsingum með öðrum hætti, t.d. vegna skyldleika við aðalskuldara.¹⁶

5.4 Réttarstaða ábyrgðarmanns við andlát eða gjaldþrot aðalskuldara

5.4.1 Andlát aðalskuldara

Andlát aðalskuldara veitir kröfuhafa ekki sjálfstæða heimild til þess að krefja ábyrgðarmann um greiðslu ef skuldin er ekki fallin í gjalddaga. Ábyrgðarmaður leysist þó ekki undan ábyrgð sinni við þessar aðstæður því að unnt er að ganga að honum ef vanefndir verða á kröfunni. Ábyrgðarmaður ber því ábyrgð á þeim hluta kröfunnar sem ekki er greiddur úr dánarbúi aðalskuldara ef erfingjar gangast ekki við skuldum hans. Sama gildir ef aðalskuldari er hlutafélag eða annar lögaðili sem hefur verið leystur upp án þess að kröfuhafi hafi fengið kröfu sinni fullnægt. Ef kröfu er ekki lýst í dánarbú fellur hún niður fyrir vanlýsingu, sbr. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum. Talið hefur verið að við slíkar aðstæður falli krafan einnig niður gagnvart ábyrgðarmönnum, sbr. Hrd. 1986:1105, en þar sagði að sjálfskuldarábyrgð áfrýjanda væri ekki þannig úr garði gerð að hún stæði sjálfstætt eftir að krafan á hendur aðalskuldaranum hefði fallið niður fyrir vanlýsingu.

¹⁴ Norska kvörtunarnefndin (Bankklagnemnda), mál nr. 92081. Í því máli var talið að þrátt fyrir að ábyrgðarmanni hafi verið tilkynnt um vanskil eftir 8 mánuði hefði bankanum borið að tilkynna um frekari vanskil sem náðu yfir 3 ár. Niðurstaðan var sú að skuldbinding ábyrgðarmannsins var lækkuð sem nam vöxtum fyrir þennan tíma þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar um hvaða þýðingu þetta hafði fyrir endurkröfu ábyrgðarmannsins.

Sjá einnig fleiri mál norsku kvörtunarnefndarinnar, Privat kaution for banklån, bls. 68.

¹⁵ Frumvarpið ber heitið Finansavtaler og finansoppdrag. Sjá nánar, Privat kaution for banklån, bls. 66 og bilag 5.2.1 og 5.3.1.

¹⁶ Dómur hæstaréttar í Svíþjóð nr. NJA 1994:381.

NJA 1993:163. Í þessu máli var bankinn ekki talinn tilkynningarskyldur þar sem ábyrgðarmaðurinn og aðalskuldarinn voru systkini og búsett í sama bæ.

Sjá nánar Privat kaution for banklån, bls. 64 og 69

5.4.2 Gjaldþrot aðalskuldara

Ef aðalskuldari verður gjaldþrota og kröfuhafi lýsir ekki kröfu í búið glatar hann kröfu sinni gegn þrotabúinu, sbr. 118. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991. Slík vanlýsing hefur hins vegar ekki þau áhrif að krafa hans gegn aðalskuldara falli niður, sbr. 165. gr. sömu laga. Það hefur því verið talið að krafa kröfuhafa á hendur ábyrgðarmanni falli ekki niður við þessar aðstæður, andstætt því sem gildir um vanlýsingu kröfu í dánarbú, enda er krafa hans á hendur aðalskuldara enn í gildi.¹⁷

Samkvæmt 1. mgr. 103. gr. gjaldþrotalaga miðast réttur kröfuhafa til úthlutunar úr þrotabúi við heildarfjárhæð kröfu þrátt fyrir að ábyrgðarmaður hafi þegar greitt hluta hennar. Ef ábyrgðarmaður lýsir endurkröfu sinni í búið og einungis hluti af almennum kröfum fæst greiddur úr búinu verður hún að víkja fyrir kröfu kröfuhafans, þ.e. kröfuhafi fær kröfu sína greidda að fullu en ábyrgðarmaður fær eingöngu mismuninn á því sem fæst greitt upp í kröfuna.

5.5 Afturköllun ábyrgðar

Svipuð sjónarmið virðast gilda alls staðar á Norðurlöndum um rétt ábyrgðarmanna til að afturkalla ábyrgð sína, en þessi réttur er þó hvergi bundinn í lög. Sú meginregla hefur verið talin gilda að ábyrgðarmaður geti afturkallað ábyrgð sína eða sagt henni upp þegar um er að ræða ábyrgð á væntanlegum skuldbindingum eða framtíðarskuldbindingum. Sem dæmi um slíkar skuldbindingar má nefna úttektir með greiðslukortum eða skuldbindingar sem eru ekki bundnar við ákveðinn tíma eða fjárhæð, t.d. ábyrgð á óútfylltum tryggingarvígli. Slík afturköllun hefur þó eingöngu áhrif á hækkun skuldbindingar eftir það tímamark en ábyrgðarmaður ber eftir sem áður ábyrgð á þeim skuldbindingum sem þegar hafa stofnast. Ljóst er að það getur varðað ábyrgðarmann miklu að geta takmarkað ábyrgð sína með þessum hætti. Sem dæmi um það má nefna dóm bæjarþings Reykjavíkur í máli nr. 3980/1988. Í því máli var A ábyrgðarmaður gagnvart greiðslukortafyrirtækinu C á úttektum B með greiðslukorti. A sendi C símskeyti þess efnis að ábyrgð hans félli niður frá og með tilteknum degi og að ábyrgð hans miðaðist eingöngu við leyfilega hámarksúttekt eins og hún var við afhendingu kortsins. Niðurstaða dómsins var á þá leið að líta yrdi svo á að afturköllunin gildi frá þeim degi er greindi í skeytinu en ekki var fallist á að A hefði takmarkað ábyrgð sína við úttektarheimild B.¹⁸

Afturköllunarréttur þessi er ekki bundinn við það að ábyrgðarmaður hafi gert það að skilyrði fyrir ábyrgð sinni að hann geti sagt henni upp. Ef ábyrgðarmaður hefur í ábyrgðaryfirlýsingu sinni afsalað sér rétti til að segja ábyrgðinni upp er mögulegt, ef aðstæður eru með þeim hætti, að víkja slíku ákvæði til hliðar samkvæmt 36. gr. laga nr.

¹⁷ Sbr. dóm bæjarþings Reykjavíkur í máli nr. 6402/1991 og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 5390/1991. Í þeim sagði að ekki yrði litið svo á að það leiði af gjaldþrotalögum að krafa á hendur sjálfskuldarábyrgðarmanni félli niður þó að aðalkrafa komi ekki til greina við skipti á þrotabúi aðalskuldara, líkt og þegar aðalkrafa er fyrnd. Þá sagði að ótvíræð lagaheimild þyrfti að vera til staðar til þess að kröfuhafi glataði kröfu sinni við það eitt að lýsa henni ekki í þrotabú.

¹⁸ Sjá einnig dóm Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. 200/1995 sem reifaður er í kafla 4.4 hér að framan.

7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.¹⁹ Í þeim tilvikum, þar sem ábyrgðarmaður getur sagt upp ábyrgð sinni, hefur andlát hans sömu áhrif og uppsögn, þ.e. dánarbúið ber ekki ábyrgð á þeim skuldbindingum sem eiga sér stað eftir það tímamark. Ef ábyrgðarmaður hefur gert það að skilyrði fyrir ábyrgð sinni á væntanlegum skuldbindingum aðalskuldara að kröfuhafi tilkynni honum um vanefndir aðalskuldarans og kröfuhafi vanefnir þá skyldu sína þá hefur verið litið svo á að ábyrgðarmaður sé eins staddur og ef hann hefði sagt ábyrgðinni upp þegar vanefnd átti sér stað, þ.e. hann ber eingöngu ábyrgð á skuldbindingunni eins og hún er við upphaf vanefnda.

5.6 Áhættuaukning ábyrgðarmanns

5.6.1 Almenn

Algennt er að kröfuhafi og aðalskuldari semji um breytingar á skuldbindingum aðalskuldara. Bæði er það til að lánstími sé lengdur og eins það að höfuðstóll skuldarinnar sé hækkaður. Oft fylgja breytingar á vaxtakjörum í kjölfar slíkra breytinga. Einnig getur verið um það að ræða að kröfuhafi veiti aðalskuldara gjaldfrest, leysi samábyrgðarmenn ábyrgðarmanns undan ábyrgð sinni eða létti veði af eign sem hefur verið til tryggingar skuldinni auk ábyrgðarinnar. Í slíkum tilvikum er áhætta ábyrgðarmanns oft aukin og eru áhrif þess mismunandi.

Ef um er að ræða breytingu á fjárhæð aðalkröfu án samþykkis ábyrgðarmanns hefur slíkur samningur milli kröfuhafa og aðalskuldara ekki áhrif á skuldbindingu ábyrgðarmannsins. Ábyrgðarmaðurinn ábyrgist því eingöngu þær skuldbindingar sem fyrir hendi voru þegar hann gaf ábyrgðaryfirlýsingu sína nema hann hafi gefið samþykki sitt fyrir slíkum breytingum. Þó ber að nefna það að þegar ábyrgðarmaður hefur skrifað undir óútfylltan tryggingavíxl t.d. til tryggingar yfirdrætti á tékkareikningi eða greiðslukortauttektum hefur ekki verið litið svo á að banka eða sparisjóði beri að leita eftir samþykki ábyrgðarmanns fyrir hækkun yfirdráttarheimildar eða úttektarheimildar, nema ábyrgðarmaður hafi fyrirfram takmarkað ábyrgð sína að þessu leyti. Sem dæmi um þetta má nefna Héraðsdóm Reykjaness í máli nr. 200/1995 og dóm bæjarþings Reykjavíkur í máli nr. 3980/1988. Það skal þó nefnt að í nýlegum Hæstaréttardómi nr. 349/1995, var kreditkortafyrirtæki dæmt til að endurgreiða A, ábyrgðarmanni á óútfylltum tryggingarvíxli tiltekna fjárhæð. Í niðurstöðum dómsins kom fram að A hafi mátt gera ráð fyrir að umsamin ábyrgð gæti náð til fjárhæðar, sem svaraði til fullrar úttektarheimildar korthafa á tveimur tímabilum. Fyrirtækið var dæmt til að greiða A mismuninn á þeirri fjárhæð og fjárhæð víxilsins.

5.6.2 Greiðslufrestur

Ef kröfuhafi veitir aðalskuldara greiðslufrest getur það haft í för með sér áhættuaukningu fyrir ábyrgðarmann þar sem fjárhagur aðalskuldarans getur versnað á þeim tíma og því minni líkur á að hann geti staðið við skuldbindingu sína. Ekki er vitað

¹⁹ Hér eftir skammstafað sml.

um dóma sem fallið hafa hér á landi sem taka á þessu álitaefni og er því ekki unnt að fullyrða hvaða regla gildir hér á landi. Annars staðar á Norðurlöndum var það áður ríkjandi kenning meðal fræðimanna að veiting slíks greiðslufrests án samþykkis ábyrgðarmanns hefði þær afleiðingar í för með sér að ábyrgðin félli niður. Réttarþróunin hefur þó orðið sú að veiting greiðslufrests án samþykkis ábyrgðarmanns hefur ekki sjálfkrafa í för með sér niðurfellingu ábyrgðar, heldur getur ábyrgðarskuldbinding lækkað í þeim mæli sem möguleikar ábyrgðarmanns á að hafa uppi endurkröfu á hendur aðalskuldara hafa minnkað. Litið hefur verið svo á að sönnunarbyrðin um það, hvort vanræksla banka að þessu leyti hefur haft áhrif á endurkröfu ábyrgðarmanns, hvíli á bankanum.²⁰

5.6.3 Brottfall annarra tryggingaréttinda

Ábyrgðarmaður, sem hefur leyst til sín skuld á grundvelli ábyrgðarskuldbindingar sinnar, öðlast almennt rétt samkvæmt þeim tryggingaréttindum sem eiga að tryggja kröfuna, hvort heldur ef um meðábyrgðarmenn er að ræða eða veðtryggingu. Ef brottfall verður á slíkum tryggingaréttindum af völdum kröfuhafa er litið svo á í norrænum rétti að ábyrgðarskuldbindingin lækki í hlutfalli við það sem þetta hefur aukið tjón ábyrgðarmannsins. Það skilyrði verður þó að vera fyrir hendi að ábyrgðarmaðurinn hafi getað reiknað með þessum tryggingaréttindum við áhættumat sitt þegar hann tók ákvörðun um að takast á hendur ábyrgð. Þetta á t.d. við ef getið hefur verið um tryggingaréttindi á skuldaskjalinu þegar ábyrgðarmaður tókst á hendur ábyrgð. Ekki er ástæða til að ætla að aðrar reglur gildi hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum og má sem dæmi um það nefna Hrd. 1972:175. Í því máli var reyndar ekki um það að ræða að brottfall yrði á öðrum tryggingaréttindum, heldur taldi sá aðili sem tók á sig sjálfskuldarábyrgð á tiltekinni skuldbindingu að annar aðili tæki á sig ábyrgð að auki. Í niðurstöðu dómsins kom fram að ábyrgðarmaðurinn hafi mátt gera ráð fyrir að sjálfskuldarábyrgð annars manns kæmi til að auki og því nái ábyrgð hans ekki til þess hluta aðalskuldar sem hann hefði getað krafið samábyrgðarmann sinn um.

5.7 Upplýsingaskylda kröfuhafa gagnvart ábyrgðarmanni

5.7.1 Almennt

Ábyrgðarmaður getur haft mikla hagsmuni af því að fá ýmsar upplýsingar áður en hann tekur á sig ábyrgðarskuldbindingu. Sem dæmi um slíkar upplýsingar má nefna upplýsingar um fjárhag aðalskuldara, hvort um er að ræða ábyrgð á eldri skuldbindingum, hvað felist í ábyrgðinni o.fl.

5.7.2 Reglur sem gilda hér á landi

Ekki eru fyrir hendi nein ákvæði í lögum hér á landi sem leggja slíka upplýsingaskyldu á kröfuhafa og tryggja þennan rétt ábyrgðarmanna. Þó hefur verið talið að í þeim tilvikum þegar kröfuhafi hefur vitneskju um atriði sem hann má gera sér ljóst að skipta

²⁰ Sjá nánar Privat kaution for banklån, bls. 64

máli fyrir þá ákvörðun ábyrgðarmanns að taka á sig ábyrgðarskuldbindingu eða honum er ljóst að ábyrgðarmaður er í villu um einhver atriði sem hafa áhrif á áhættumat hans, kunni sá möguleiki að vera fyrir hendi að ábyrgðin teljist ógild í heild sinni eða að hluta samkvæmt 33. eða 36. gr. sml. Að öðru leyti verður að meta það í hverju einstöku tilviki hvort kröfuhafa hafi borið að upplýsa ábyrgðarmann um tiltekin atriði áður en hann tekur á sig ábyrgðarskuldbindingu.

5.7.3 Norrænn réttur

5.7.3.1 Almenn

Annars staðar á Norðurlöndum gildir að meginstefnu hið sama og hér á landi, þ.e. að á kröfuhöfum hvílir almennt ekki lagaskylda til þess að upplýsa ábyrgðarmenn sérstaklega um atriði er snúa að ábyrgðinni. Þó eru ákvæði í finnskri löggjöf²¹ sem kveða á um vissa upplýsingaskyldu kröfuhafa auk þess sem niðurstöður dóma og kvörtunarnefnda gera ráð fyrir að kröfuhöfum beri að upplýsa ábyrgðarmenn um tiltekin atriði. Hér á eftir verður fjallað um þær reglur sem taldar eru gilda á Norðurlöndunum um upplýsingaskyldu kröfuhafa gagnvart ábyrgðarmönnum eftir efni upplýsinganna.

5.7.3.2 Upplýsingar um inntak ábyrgðarinnar

Í finnskum rétti hvílir sú skylda á kröfuhafa að upplýsa ábyrgðarmann eða eiganda veðandlags um það hvað felst í ábyrgðinni og réttarlega þýðingu hennar. Ef kröfuhafi brýtur gegn þessari skyldu sinni og telja má að það hafi haft áhrif á þá ákvörðun ábyrgðarmanns að taka á sig ábyrgðarskuldbindingu kann skuldbinding hans að vera lækkuð. Þó að ekki hvíli slík lagaskylda á kröfuhöfum annars staðar á Norðurlöndum hefur verið talið að þeim beri engu að síður skylda til að upplýsa ábyrgðarmenn um inntak ábyrgðar. Sem dæmi um það má nefna að sænskar fjármálastofnanir og fleiri aðilar hafa gert með sér samkomulag um framkvæmd ábyrgðarveitinga. Í samkomulagi þessu kemur fram að mikilvægt sé að ábyrgðarmenn séu upplýstir um inntak ábyrgðarskuldbindingar áður en þeir taka á sig ábyrgð. Þær upplýsingar skal gefa skriflega, t.d. í ábyrgðarskuldbindingunni sjálfri. Einnig má nefna að danskar fjármálastofnanir hafa gefið út yfirlýsingu vegna ábyrgða og kemur þar fram að fjármálastofnanir skuli alltaf fullvissa sig um að ábyrgðarmaður hafi skilið inntak og afleiðingar ábyrgðarskuldbindingar og að gæta skuli sérstakrar varkárni í þeim tilvikum sem ábyrgðarmaðurinn kann að eiga í erfiðleikum með það. Í norsku lagafrumvarpi, sem fjallar m.a. um ábyrgðir og áður hefur verið minnst á, er gert ráð fyrir að kröfuhafa beri skylda til að upplýsa ábyrgðarmenn um þá almennu áhættu sem felst í því að taka á sig ábyrgðarskuldbindingu.

Höfundur norrænnar skýrslu um ábyrgðarveitingar einstaklinga, sem áður hefur verið minnst á, heldur því fram að þrátt fyrir að ekki sé ákvæði sambærilegt því finnska í löggjöf annarra Norðurlandarákja megi telja að þar hvíli einnig sambærileg upplýsingaskylda á kröfuhöfum. Hann telur þó að vanræksla kröfuhafa á því að upplýsa

²¹ Lag om ändring av 10. kap. handelsbalken, 14.–16. gr.

ábyrgðarmenn með þessum hætti hafi varla ein sér þau áhrif að skuldbinding ábyrgðarmanns verði lækkuð.²²

5.7.3.3 Upplýsingar um eldri skuld

Algengt er að lánastofnanir veiti skuldurum ný lán til þess að greiða upp eldri lán eða sameina margar gamlar skuldir í eitt lán. Það getur varðað ábyrgðarmann miklu að fá upplýsingar um það þegar lánveiting er komin til með þessum hætti og ljóst að það getur haft áhrif á ákvörðun ábyrgðarmanns um að taka á sig ábyrgðarskuldbindingu að fá vitneskju um að með nýju láni eigi að gera upp vanskil eldri skuldar. Hvergi á Norðurlöndum hvílir lagaskylda á kröfuhöfum til að upplýsa ábyrgðarmenn um slík tilvik. Þó virðist sem í flestum löndunum hvíli einhvers konar ólögfest upplýsingaskylda á kröfuhöfum að þessu leyti. Í samkomulagi sænskra fjármálastofnana og annarra aðila, sem áður hefur verið minnst á, kemur fram að upplýsa eigi ábyrgðarmann um það ef tilgangur lánveitingar er að greiða eldri skuldir.²³ Norskir dómar og niðurstöður kvörtunarnefndar í Noregi benda einnig til þess að ólögfest regla um slíka upplýsingaskyldu gildi þar. Sem dæmi um þetta má nefna norskan dóm, RG 1992:797. Þar var um að ræða skuldbreytingu á vanefndri eignarleiguskuld en ábyrgðarmaðurinn var í þeirri trú að um væri að ræða lánveitingu fyrir nýjum bíl. Dómurinn ógilti ábyrgðarskuldbindinguna á grundvelli 33. gr. samningalaganna. Einnig skipti máli í þessu sambandi að ábyrgðarmaðurinn var aldraður.

Svipaðar reglur eru taldar gilda í Danmörku um upplýsingaskyldu kröfuhafa gagnvart ábyrgðarmönnum að þessu leyti.²⁴ Þess má geta að í norsku lagafrumvarpi, sem áður hefur verið minnst á, kemur fram að kröfuhafa beri að upplýsa ábyrgðarmann um það ef ábyrgðin nær til eldri skuldar sem hefur verið vanefnd og er gert ráð fyrir því að slíkar upplýsingar komi fram í samningnum sjálfum.

5.7.3.4 Upplýsingar um fjárhag aðalskuldara

Ljóst er að mikilvægt getur verið fyrir ábyrgðarmenn að fá upplýsingar um fjárhag aðalskuldara áður en þeir taka ákvörðun um að taka á sig ábyrgð. Í finnskum rétti hvílir lagaleg skylda á bönkum til þess að upplýsa ábyrgðarmenn um atriði er varða greiðsluhæfni skuldara og ætla má að hafi þýðingu fyrir ábyrgðarmanninn. Ef kröfuhafi vanrækir þessa upplýsingaskyldu sína kann skuldbinding ábyrgðarmannsins að vera lækkuð. Að öðru leyti er ekki að finna ákvæði í lögum á Norðurlöndum sem leggja slíka upplýsingaskyldu á kröfuhafa.

Í Danmörku er ekki talið að á bönkum hvíli almenn upplýsingaskylda að þessu leyti en þó hefur verið talið að þeim beri skylda til að upplýsa ábyrgðarmenn um atriði sem þeir hafa upplýsingar um og auka áhættu ábyrgðarmanns. Sem dæmi um þetta má nefna mál dönsku kvörtunarnefndarinnar (Pengeinstitutankenævn) nr. 397/1993. Í því máli upplýsti bankinn ekki ábyrgðarmanninn um að bankanum var kunnugt um að krafist

²² Mál fyrir sænsku kvörtunarnefndinni (Almänna Reklamationsnämnden) frá 3/5 1993. Meirihluti nefndarinnar lækkaði skuldbindingu ábyrgðarmanns eftir 36. gr. sænsku samningalaganna þar sem skuldabréfið innihélt engar upplýsingar að þessu leyti. Auk þess sem bankinn upplýsti ekki að um gamla skuld væri að ræða og hafði ekki heldur metið ábyrgðarmanninn fjárhagslega. Sjá nánar Privat kaution for banklån, bls. 36

²³ Sjá mál sænsku kvörtunarnefndarinnar frá 3/5 1993 sem áður hefur verið minnst á.

²⁴ Sjá nánar Privat kaution for banklån, bls. 39.

hafði verið nauðungaruppboðs á fasteign aðalskuldarans. Ábyrgðarmaðurinn var ekki talinn bundinn við ábyrgðarskuldbindingu sína. Í málinu kom fram að ábyrgðarmaðurinn hafði ítrekað innt bankann eftir upplýsingum um fjárhag skuldarans án þess að fá ofangreindar upplýsingar.

Í norskum rétti virðist gert ráð fyrir því að á bönkum hvíli upplýsingaskylda í þeim tilvikum þar sem ætla má að miklar líkur séu á því að á ábyrgð ábyrgðarmanns reyni þegar á þeim tíma sem stofnað er til ábyrgðarinnar. Það fer svo eftir aðstæðum hverju sinni hvort upplýsingaskylda banka verði virk. Sem dæmi um þetta má nefna dóm RG 1993:644. Á ábyrgðist bílalán fyrir þáverandi unnusta sinn sem var nemi án fastrar atvinnu með mjög lágar árstekjur. Ábyrgð A var vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. samningalaganna þar sem aðalskuldarinn var augljóslega ekki lánshæfur og yfirgnæfandi líkur á því að hann gæti ekki staðið við skuldbindingu sína.

Í sænskum rétti virðist gengið út frá því að á bönkum hvíli skylda til að upplýsa ábyrgðarmenn um þau atriði er varða fjárhag aðalskuldara sem ætla má að skipti máli fyrir áhættumat ábyrgðarmanna og sem bankinn vissi um eða mátti vita um. Það er því gert ráð fyrir því að bankar meti lánshæfni aðalskuldara og að ábyrgðarmenn megi treysta því að slíkt mat hafi farið fram. Í máli sænsku kvörtunarnefndarinnar nr. 90/R3115 var ábyrgðarskuldbinding lækkuð meðal annars vegna þess að áhætta ábyrgðarmannsins hafði verið meiri en hann hafði ástæðu til að ætla þar sem bankinn hafði ekki metið lánshæfni skuldarans og ekki upplýst ábyrgðarmanninn um annmarka á greiðsluhæfni skuldara.²⁵

5.8 Ógildingarákvæði samningalaga

5.8.1 Almennt

Í ákvæðum 33. og 36. gr. sml., sbr. breytingalög nr. 14/1995, felast víðtækar ógildingarheimildir til handa samningsaðilum. Þegar þessi ákvæði voru tekin upp í löginn óttuðust margir að í þeim fælist óeðlilega víðtæk undantekning frá meginreglunni um skuldbindingagildi samninga. Þær áhyggjur hafa þó reynst óþarfar þar sem ákvæðunum hefur verið beitt af hófsemi og hefur Hæstiréttur ekki oft vísað beint til þeirra í dómum sínum. Nýlega voru samþykktar breytingar á sml. í þeim tilgangi að samræma íslenska löggjöf að fullu við tilskipun 93/13/EBE um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum. Með breytingunum var bætt við fjórum nýjum greinum, 36. gr. a–d, og er í þeim fjallað um staðlaða samninga. Hér á eftir verður fjallað um það að hvaða leyti unnt er að beita ákvæðum 33. og 36. gr. sml. um ábyrgðarskuldbindingar og hvernig framkvæmdin hefur verið í því sambandi hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum.

5.8.2 Beiting 33. og 36. gr. sml. í ábyrgðarmálum á Norðurlöndum

Lög um samningsgerð eru í öllum meginatriðum samhljóða á Norðurlöndunum. Ákvæði 36. gr. var þó ekki tekið upp í finnsku samningalögin þar sem þar voru samþykkt

²⁵ Sjá nánar varðandi upplýsingaskyldu kröfuhafa, Privat kaution for banklån, bls. 33–44.

sérstök lög um neytendavernd. Dæmi eru um það á Norðurlöndunum að ábyrgðarskuldbinding hafi verið ógild á grundvelli 33. og 36. gr. sml. og þá einkum í Noregi. Á síðustu árum hafa fallið þar dómar sem taka á þessu álitamáli og hafa ýmsir fræðimenn fjallað um efnið í kjölfarið.²⁶ Auk þess hafa niðurstöður kvörtunarnefndar í Noregi byggt á þessum ákvæðum. Einkum hefur reynt á ákvæðin varðandi upplýsingaskyldu kröfuhafa. Í dómi Hæstaréttar Rt 1984:28 hafði L gengist í ábyrgð fyrir yfirdráttarheimild A hf. í tilteknum banka. Félagið varð gjaldþrota og gekk bankinn að L. Fram kom að þegar L gekkst í ábyrgðina hafði fjárhagsstaða A hf. þegar verið orðin slæm og tap bankans lá í raun fyrir á þeim tíma. Ábyrgðarskuldbinding L var dæmd ógild á grundvelli 33. gr. sml. og ólögfestrar reglu um heiðarleika í samningum þar sem hann hafði ekki vitað um fjárhag félagsins og ekki verið upplýstur um hann.²⁷

RG 1992: 797. Dómurinn ógilti ábyrgðarskuldbindingu ábyrgðarmanns á grundvelli 33. gr. sml. þar sem hann stóð í þeirri trú að lánveitingin væri fyrir nýjum bíl en í raun var um að ræða skuldbreytingu á gamalli eignarleiguskuld. Í því máli skipti reyndar einnig máli að ábyrgðarmaðurinn var aldraður.

Rt 1995:1540. Í því máli hafði K sett íbúð sína að veði til tryggingar láni sem sonur hennar hafði fengið til kaupa á fasteign 800 þús. NOK. K krafðist ógildingar á veðsetningunni meðal annars á grundvelli 36. gr. sml. Hæstiréttur tók kröfu K til greina og ógilti skuldbindingu hennar með vísan til 36. gr. sml. Í niðurstöðu dómsins kemur fram að lánið hafi ekki verið venjulegt þar sem það nam hærri fjárhæð en kaupverð þeirrar eignar sem sonurinn keypti og því hefði lánastofnunin átt að kanna fjárhag lántaka. Einnig kemur fram að lánastofnunin hefði átt að hafa samband við K og fá nánari upplýsingar um möguleika hennar til þess að leysa lánið til sín ef það yrði vanefnt og fullvissa sig um að hún þekkti fjárhag aðalskuldara.

Í máli kvörtunarnefndar nr. BKN 95040 varð niðurstaðan sú að skuldbinding ábyrgðarmannsins var lækkuð um helming þar sem skuldbindingin var töluvert hærri en árstekjur aðalskuldarans og talið var að bankanum hefði borið að upplýsa ábyrgðarmanninn um þá áhættu sem fólgin var í því.

Ákvæði 36. gr. hefur einnig verið beitt í þessu sambandi í Danmörku og má sem dæmi um það nefna U 1994:115. K tók á sig ábyrgð á greiðslu láns sem M og H tóku. Í ljós kom að kröfuhafinn hafði látið útbúa greiðsluáætlun fyrir aðalskuldarana og samkvæmt henni var þeim ómögulegt að endurgreiða lánið. Fram kom að kröfuhafinn hafi átt frumkvæði að því að K gekkst í ábyrgð og þótti því hafa hvílt á honum sú skylda að upplýsa K um þau atvik. Þar sem ábyrgðarmaðurinn hafði ekki verið upplýstur um þetta var ábyrgðin talin ógild samkvæmt 36. gr. sml.

Ákvæðinu hefur einnig verið beitt í þessu sambandi í Svíþjóð. Í máli sænsku kvörtunarnefndarinnar frá 3/5 1993 lækkaði meirihluti nefndarinnar ábyrgðarskuldbindingu á grundvelli 36. gr. þar sem skuldabréfið innihélt engar upplýsingar um það hvað fólst í ábyrgðinni auk þess sem bankinn upplýsti ekki um að um eldri skuld væri að ræða og hafði ekki metið ábyrgðarmanninn fjárhagslega.

²⁶ Viggo Hagstrøm: Kausjonsretten og avtaleloven § 36, Lov og rett, Norsk juridisk tidsskrift, nu 2 1996 og Marianne Olsson og Terese Smith: Om opplysningsplikt ved kausjonsstillelse, Jussens venner, hefte 2 1996.

²⁷ Sjá einnig dóm bæjarþings í Osló nr. RG 1993:644 sem reifaður er í kafla 5.7.3.4 hér að framan.

5.8.3 Beiting 33. og 36. gr. sml. í ábyrgðarmálum hér á landi

Ekki er útilokað að beita ákvæðum 33. og 36. gr. til ógildingar á skuldbindingum ábyrgðarmanna ef þær aðstæður eru fyrir hendi sem lýst er í ákvæðunum. Ábyrgðarmaður tekur á sig ábyrgð á skuldbindingum annars manns gagnvart kröfuhafa og ef einhverjar þær aðstæður eru fyrir hendi þegar sá löggerningur kemur til vitundar kröfuhafa sem gera það að verkum að óheiðarlegt verði talið af kröfuhafa að bera hann fyrir sig er ekkert því til fyrirstöðu að ábyrgðarskuldbinding hans verði ógild. Sama gildir ef skilyrði 36. gr. og/eða 36. gr. a–d eru uppfyllt. Þó er möguleiki samkvæmt 36. gr. að ógilda samning að hluta eða breyta honum. Þetta verður þó að skoða í ljósi þess að Hæstiréttur hefur ekki oft vísað beint til ákvæða 33. og 36. gr. í dómum sínum eins og fram kom hér að framan og á það sérstaklega við um 36. gr. enda var í greinargerð með þessum ákvæðum tekið sérstaklega fram að beita þyrfti ákvæðunum varlega. Í hinum ýmsu málum fyrir Hæstarétti, þar á meðal ábyrgðarmálum, hafa aðilar þó borið fyrir sig ákvæði 36. gr. og krafist ógildingar á samningsskuldbindingu sinni. Sem dæmi um þetta má nefna dóm Hrd nr. 349/1995. Í því máli hafði A tekist á hendur ábyrgð gagnvart K hf. á útfylltum tryggingarvixli til tryggingar greiðslukortaúttektum G. Vanskil urðu af hálfu G og var gengið að A um greiðslu. A krafðist endurgreiðslu á þeim fjármunum sem hún greiddi vegna þessa og vísaði meðal annars til 36. gr. sml. Hún taldi ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að K hf. skyldi fylla út vixilinn og gera sig þannig ábyrga langt umfram úttektarheimildir G. Einnig taldi hún ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að vera látin skrifa undir umboð án upphæðar. Héraðsdómur féllst ekki á kröfur A og segir m.a. í niðurstöðu hans að það verði ekki talið hafa verið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að K hf. skyldi fylla út vixilinn og gera A ábyrga eins og raun bar vitni sbr. 36. gr. sml. Hæstiréttur staðfesti héraðsdóminn að þessu leyti en taldi þó að ábyrgð A næði til fjárhæðar sem svaraði til fullrar úttektarheimildar G á tveimur tímabilum. K hf. var því dæmdur til að greiða A mismuninn á þeirri fjárhæð og fjárhæð vixilsins.

Eingöngu er vitað um einn dóm hér á landi þar sem ábyrgð hefur verið felld niður á grundvelli þessara ákvæða. Um er að ræða Hrd. 1995:2328. Í því máli hafði Ö, starfsmaður bankans A, gerst sekur um fjáðrátt. Foreldrum Ö var gefinn kostur á að skrifa undir skuldabréf til greiðslu skuldarinnar gegn því að ekki yrði kært. Þau féllust á það og skrifaði faðir Ö undir sem skuldari en móðir hans, systir og mágur sem ábyrgðarmenn. Nafn Ö kom hvergi fram á bréfinu. Ekki var staðið í skilum og höfðaði faðirinn ásamt ábyrgðarmönnum mál á hendur bankanum, til ógildingar skuldbindingum sínum, á grundvelli 36. gr. sml. Héraðsdómur sýknaði bankann af kröfunum og taldi meðferð bankans hvorki ósanngjarna né andstæða góðri viðskiptavenju. Hæstiréttur tók hins vegar kröfuna til greina og ógilti skuldbindingu aðilanna með vísan til 36. gr. sml. Í niðurstöðum dómsins kom fram að ekki hefði verið jafnræði með aðilum auk þess sem bankanum hafi verið ljóst að skuldbindingin var ekki í samræmi við fjárhag foreldra Ö.

Aðstæður í þessu máli eru að vísu mjög sérstakar svo og aðdragandinn að lántökunni en þó verður ekki útilokað að hægt sé að beita ákvæðum 33. og 36. gr. í ábyrgðarmálum þannig að unnt sé að ógilda ábyrgðarskuldbindingu á grundvelli ákvæðanna t.d. ef kröfuhafi hefur haft vitneskju um atriði sem hann má vita að hafi verulega þýðingu fyrir

þá ákvörðun ábyrgðarmanns að taka á sig ábyrgð. Í því sambandi getur t.d. verið um að ræða upplýsingar um fjárhag aðalskuldara.

6. STAÐAN Á NORÐURLÖNDUM OG VÍÐAR

6.1 Inngangur

Í þessum kafla verður fjallað nánar um stöðuna á Norðurlöndum og hvað hefur verið gert til að styrkja stöðu ábyrgðarmanna þar. Eins og áður hefur komið fram hafa hvergi á Norðurlöndum verið sett sérstök lög um ábyrgðir. Einstök ákvæði hafa þó verið sett í gildandi lög en að því undanskildu eru það eingöngu ólögfestar reglur, dómsniðurstöður og niðurstöður kvörtunarnefnda sem kveða á um réttarstöðu ábyrgðarmanna á Norðurlöndum. Hér á eftir verður reynt að gera grein fyrir stöðunni í hverju Norðurlandaráki fyrir sig. Einnig verður komið inn á það hvernig þessum málum er háttað annars staðar í Evrópu.

6.2 Danmörk

Í Danmörku eru ekki í gildi sérstök lög um ábyrgðir eins og áður hefur komið fram. Í lög um banka og sparisjóði hefur þó verið sett ákvæði til þess að styrkja stöðu ábyrgðarmanna. Ákvæðið kemur fram í 41. gr. laganna og er þar lögð sú skylda á banka og sparisjóði að tilkynna ábyrgðarmönnum um vanskil aðalskuldara innan sex mánaða frá gjalddaga. Ef banki eða sparisjóður brýtur gegn þessu ákvæði tapar hann kröfu sinni gagnvart ábyrgðarmanninum í þeim mæli sem ábyrgðarmaðurinn hefur orðið fyrir tjóni vegna þessa. Ofangreint ákvæði er eina ákvæðið í danskri löggjöf sem kemur inn á réttarstöðu ábyrgðarmanna og það gildir eingöngu ef kröfuhafi er banki eða sparisjóður en ekki ef kröfuhafi er annar aðili.

Í júní 1994 gáfu umboðsmaður neytenda, samband banka og sparisjóða (Finansrådet) og neytendasamtökin²⁸ í Danmörku út sameiginlega tilkynningu vegna notkunar ábyrgða. Í tilkynningunni kemur meðal annars fram að fjármálastofnanir skuli ekki veita lán á móti ábyrgð ef ábyrgðarskuldbindingin er í andstöðu við fjárhag ábyrgðarmanns. Einnig kemur fram að fjármálastofnanir skuli ætíð fullvissa sig um að ábyrgðarmenn hafi skilið inntak og afleiðingar ábyrgðarskuldbindingar. Þó að slík tilkynning hafi ekki lagagildi gefur hún vísbendingu um að talin er þörf á því að tryggja réttarstöðu ábyrgðarmanna. Ein meginástæða þess að þróunin virðist vera sú að tryggja réttarstöðu ábyrgðarmanna í ríkari mæli í Danmörku eru niðurstöður kvörtunarnefndar fjármálastofnana, en frá stofnun nefndarinnar árið 1988 hafa fleiri en 200 mál varðað ábyrgðir, af þeim 1900 málum sem nefndin hefur fengið til umfjöllunar, eða um 10%.

6.3 Noregur

Í Noregi eru engin ákvæði í lögum er snerta réttarstöðu ábyrgðarmanna. Frá stofnun kvörtunarnefndar banka í Noregi árið 1988 hafa 60 mál af 496, sem nefndin hefur tekið fyrir, varðað ábyrgðir, eða 12%. Til marks um það að þörf er talin á því að tryggja

²⁸ Átt er við einkareknu neytendasamtökin í Danmörku.

réttarstöðu ábyrgðarmanna skal það nefnt að lagt hefur verið fyrir norska þingið lagafrumvarp sem ber heitið Finansavtaler og finansoppdrag og er fjallað um ábyrgðir í einum kafla þess. Frumvarpið gengur mjög langt í þá átt að tryggja réttarstöðu ábyrgðarmanna. Þar eru ítarleg ákvæði um upplýsingaskyldu þar sem fram kemur að kröfuhafi skuli upplýsa ábyrgðarmann skriflega um áhættu tengda ábyrgðarskuldbindingu, þann tíma sem ábyrgðinni er ætlað að gilda, fjárhæð kröfunnar eða hámarksfjárhæð sem ábyrgðin nær til, ef um er að ræða eldri kröfu og sú krafa hefur verið vanefnd og fleiri atriði. Einnig er þar ákvæði um skyldu kröfuhafa til að tilkynna ábyrgðarmanni um vanskil aðalskuldara. Samkvæmt frumvarpinu er kröfuhafi skyldur til að upplýsa ábyrgðarmann um hæfi aðalskuldara til að efna kröfuna ef ábyrgðarmaður óskar eftir þeim upplýsingum. Breytingar á kröfu hafa ekki gildi gagnvart ábyrgðarmanni án samþykkis hans og kröfuhafi getur ekki gefið eftir tryggingarréttindi sem staðið hafa til tryggingar kröfu við hlið ábyrgðar án samþykkis ábyrgðarmanns. Þá kemur fram í frumvarpinu að ábyrgð geti að hámarki staðið í 10 ár frá stofnun kröfu en ef um er að ræða yfirdráttarheimildir eða önnur lán þar sem endurgreiðslutíminn er ekki fastákveðinn er ábyrgðartíminn takmarkaður við 5 ár. Þá leiðir af frumvarpinu að sjálfskuldarábyrgð verður vart talin heimil. Frumvarpið tekur einnig til þess er maður lánar veð í eign sinni til tryggingar skuld annars manns.

6.4 Svíþjóð

Í Svíþjóð eru engin gildandi ákvæði í lögum er snerta réttarstöðu ábyrgðarmanna en þar hafa ýmsar fjármálastofnanir, dómstólar, neytendasamtökin og fleiri aðilar gert með sér samkomulag varðandi ábyrgðarskuldbindingar einstaklinga. Þar kemur meðal annars fram að kröfuhafar séu skyldir til þess að meta greiðsluhæfi aðalskuldara áður en ákvörðun er tekin um lánveitingu og að ábyrgðarmenn geti gengið út frá því að svo hafi verið gert. Einnig kemur fram að kröfuhafa beri að upplýsa ábyrgðarmann um það ef einhverjir annmarkar eru á greiðsluhæfi aðalskuldara og hvort um ábyrgð á gamalli skuld sé að ræða. Kröfuhafa ber einnig að upplýsa ábyrgðarmann um inntak ábyrgðarinnar. Samkvæmt samkomulaginu ber kröfuhafa einnig að greiðslumeta ábyrgðarmenn. Þá ber kröfuhafa einnig að tilkynna ábyrgðarmanni um breytingar á fjárhag aðalskuldara sem auka áhættu ábyrgðarmannsins og hann hefur vitneskju um o.fl.

Sænsku neytendasamtökin gáfu árið 1994 út bækling fyrir ábyrgðarmenn þar sem fram koma ýmsar upplýsingar varðandi ábyrgðir. Þar kemur m.a. fram að ábyrgðarmenn eigi rétt á að fá skriflegar upplýsingar frá lánveitanda um það hvað felst í ábyrgðinni. Einnig kemur fram að lánveitandi eigi að meta greiðsluhæfi bæði aðalskuldarans og ábyrgðarmannsins. Í bæklingnum eru ýmis hugtök skilgreind, t.d. hvað er einföld ábyrgð og hvað er sjálfskuldarábyrgð, hvað er endurkröfuréttur o.fl.

Sænska kvörtunarnefndin hefur frá stofnun nefndarinnar árið 1990 til október 1994 fjallað um 234 mál er varða ábyrgðir sem er 10–15% af öllum þeim málum sem nefndin fær til umfjöllunar.

6.5 Finnland

Í Finnlandi eru ekki í gildi sérstök lög um ábyrgðir en í lögum nr. 540/1994 eru þó ákvæði er varða réttarstöðu ábyrgðarmanna. Ákvæðin gilda einnig um þau tilvik þar sem maður lánar veð í eign sinni til tryggingar skuld aðalskuldara. Samkvæmt lögnum er kröfuhafi meðal annars skyldur til að upplýsa ábyrgðarmenn um inntak ábyrgðar og kann ábyrgðarskuldbindingin að verða lækkuð ef hann vanrækir það og það hefur haft áhrif á ákvörðun ábyrgðarmannsins um að taka á sig ábyrgð. Á kröfuhafa hvílir einnig sú skylda að tilkynna ábyrgðarmanni um vanskil aðalskuldara innan mánaðar frá gjalddaga. Ef kröfuhafi vanrækir þetta getur hann fyrst krafist vaxta, dráttarvaxta og annars kostnaðar vegna vanskilanna frá þeim degi sem ábyrgðarmanni er tilkynnt um vanskilin. Í lögnum kemur einnig fram að almenn ábyrgð á skuldbindingum annars manns verði að ná til ákveðinnar hámarksfjárhæðar og ákveðins tíma. Ábyrgðarskuldbinding sem fer í bága við þetta ákvæði er ógild.

Finnska neytendakvörtunarnefndin tók ekki fyrir mál er vörðuðu ábyrgðir fyrir en í september 1994 og ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda slíkra kvörtunarmála eftir þann tíma.

6.6 Staðan annars staðar í Evrópu

Í löggjöf annarra Evrópuríkja er hvergi að finna sérlöggjöf um ábyrgðarskuldbindingar. Ekki hefur heldur verið tekið á þessum málum innan Evrópusambandsins. Hins vegar er að finna í löggjöf nokkurra ríkja ákvæði er lúta að ábyrgð. Þau ákvæði lúta fyrst og fremst að þeim formkröfum sem gerðar eru til ábyrgðarskuldbindinga. Einna lengst er gengið í svissneskum rétti að þessu leyti. Í svissnesku lögbókinni ZGB er það gert að formaskilyrði fyrir ábyrgðarskuldbindingu að hún sé skrifleg. Einnig verður að tilgreina hámarksfjárhæð sem ábyrgðin á að taka til í ábyrgðarskuldbindingunni. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst ekki hafa stofnast gild ábyrgðarskuldbinding. Í enskum rétti er það formaskilyrði fyrir ábyrgðarskuldbindingu að hún sé skrifleg. Í þýskum og frönskum rétti er einnig dæmi um það að ábyrgðarskuldbinding verði að vera skrifleg til þess að teljast gild en þar er ekki gerð krafa um að hámarksfjárhæðar sé getið í ábyrgðarskuldbindingu. Ofangreind ákvæði hafa flest verið í gildi um langa tíð. Ekki er vitað um nein nýleg ákvæði á þessu sviði í öðrum ríkjum Evrópu og virðast Norðurlöndin standa framar að þessu leyti.

7. Upplýsingar um fjárhagsstöðu

7.1 Inngangur

Lánveitendur eiga ekki greiðan aðgang að upplýsingum um fjárhagsstöðu lántaka. Samkvæmt tölvulögunum má því aðeins veita upplýsingar um skuldastöðu manna að skuld við tiltekinn kröfuhafa sé í það minnsta 20 þús.kr. og hafi hafi verið réttargerð til fullnustu hennar.²⁹ Ætla má að betri upplýsingar lánveitenda um lántakendur gætu bæði dregið úr vanskilum og gert það að verkum að ábyrgða sé ekki krafist í sama mæli og í dag. Aukinn aðgangur lánveitenda að upplýsingum um lántakendur gæti því stuðlað að bættri stöðu ábyrgðarmanna. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim meginákvæðum tölvulaga hér á landi, í Danmörku og í Svíþjóð sem fjalla um skráningu fjárhagsupplýsinga og auk þess möguleikunum á því að hér á landi verði unnt að starfrækja upplýsingamiðstöð um fjárhagsstöðu aðila.

7.2 Lagaákvæði um skráningu fjárhagsupplýsinga

7.2.1 Ísland

Hér á landi eru í gildi lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga nr. 121/1989, eins og áður hefur komið fram. Lögin taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar og annarrar meðferðar á persónuupplýsingum hvort heldur sem skráning er vélræn eða handunnin. Lögin eru að mestu sambærileg við dönsku lögin. Í V. kafla laganna er fjallað um skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust. Í 3. mgr. 19. gr. laganna kemur fram að upplýsingar um skuldastöðu manna megi því aðeins veita öðrum að um sé að ræða almennt aðgengilegar upplýsingar eða gjaldfallna skuld eða skuldir sama aðila við tiltekinn kröfuhafa sem eru a.m.k. kr. 20 þús.kr. eða hærri og skuldari hefur með aðfararhæfri sátt fallist á að greiða eða verið dæmdur til greiðslu hennar eða önnur réttargerð hafi til fullnustu hennar. Þessi skilyrði eru að mestu sambærileg við skilyrði dönsku laganna en heimildir til skráningar upplýsinga eru þó víðtækari í Danmörku en hér á landi, sbr. umfjöllun um dönsku lögin hér á eftir. Þær upplýsingar sem kemur til greina að veita samkvæmt framansögðu, eru upplýsingar dómstóla um skuldara samkvæmt uppkveðnum dómum eða áritunum dómara á stefnur, upplýsingar um framkvæmd fjárnáma, upplýsingar um nauðungarsölur og upplýsingar um töku búa til gjaldþrotaskipta. Hér á landi hefur tölvunefnd veitt nokkrum aðilum starfsleyfi á grundvelli V. kafla laganna.

7.2.2 Danmörk

Í Danmörku eru í gildi lög um skráningu persónuupplýsinga og eru þau frá árinu 1987.³⁰ Samkvæmt 1. gr. laganna má skráning upplýsinga um persónuleg eða fjárhagsleg málefni einstaklinga, stofnana, félaga eða annarrar starfsemi, auk annarra

²⁹ Tölvunefnd hefur nýtt sér það svigrúm sem lögin veita og hefur í leyfum sínum til aðila miðað við 200 þús.kr.

³⁰ Lov om private registre m.v.

upplýsinga sem sanngjarnt er að leynt fari, eingöngu eiga sér stað í þeim tilvikum sem lögin sjálf heimila. Eitt þessara tilvika varðar *kreditupplysningsbureauer* og er fjallað um það í 3. kafla laganna. Í kaflanum kemur fram að tilkynna verði til tölvunefndar (registertilsynet) þá fyrirætlun að stofna fyrirtæki um skráningu upplýsinga um fjárhagsstöðu og láns hæfi, í þeim tilgangi að veita öðrum þær upplýsingar, áður en starfsemin hefst. Eingöngu er heimilt að veita upplýsingar ef þær koma frá *Statstidende*, ef um er að ræða upplýsingar úr skrá hins opinbera, skv. lögum um skrár opinberra yfirvalda,³¹ ef upplýsingarnar varða skuldir við sama kröfuhafa sem eru hærri en 1 þús. dkr. og kröfuhafi hafi fengið skriflega viðurkenningu skuldarans á því að skuldin sé gjaldfallin eða ef framkvæmdar hafa verið réttargerðir til fullnustu hennar. Nánari reglur um slíka starfsemi koma fram í kaflanum. Dönsku lögin eru víðtækari en þau íslensku að því leyti að heimildir til að veita upplýsingar eru ekki bundnar við það að um almennt aðgengilegar upplýsingar sé að ræða líkt og gildir hér á landi. Þó er rétt að taka fram að samkvæmt dönsku bankalögunum hvílir þagnarskylda á bönkum og sparisjóðum um málefni viðskiptamanna sinna líkt og gildir hér á landi, og geta þessir aðilar því ekki veitt slíkar upplýsingar nema þær séu orðnar opinberar. Það eru því eingöngu önnur fyrirtæki sem geta veitt upplýsingar um vanskil viðskiptamanna sinna að öðru leyti.

Í skýrslu tölvunefndar fyrir árið 1995 kemur fram að 14 aðilar hafa tilkynnt tölvunefnd um starfsemi samkvæmt 3. kafla laganna.³² Það fyrirtæki sem er öflugast að þessu leyti er RKI Kredit Information. Áður en nafn skuldara er tekið inn á skrá fyrirtækisins eru sendar út þrjár rukkanir til skuldara á 1–1 1/2 mánaðar tímabili. Milli 50–60% skuldara greiða skuld sína eftir að hafa fengið rukkun frá RKI. Um 11% greiða í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að hafa verið skráðir og innan 5 ára hafa 24% greitt.³³

Einnig ber að nefna það að í Danmörku hefur verið litið svo á að fjármálastofnanir geti fengið upplýsingar hver hjá annarri um það hvort tiltekinn aðili sé „góður” skuldari. Ekki eru þá gefnar upplýsingar um skuldastöðu hjá viðkomandi stofnun eða veltu á reikningum heldur almennt mat á því hvort viðkomandi sé í lagi (mjög góður, góður, ágætur o.s.frv.).

7.2.3 Svíþjóð

Í Svíþjóð eru í gildi *kreditupplysningslagen*. Þau taka til þess er veittar eru upplýsingar um skuldastöðu aðila gegn greiðslu eða sem þáttur í atvinnustarfsemi. Í skýrslu SOU 1993:110 kemur fram 30 aðilar starfræki upplýsingamiðlun sem fellur undir lögin en tvö þeirra séu þó öflugust. Þau eru Upplysningscentralen (UC) sem er í eigu bankanna og Solidiet. Starfsemi þeirra fyrirtækja sem falla undir lögin er háð leyfi frá *Datainspektionen*. Nokkrir aðilar eru þó undanþegnir slíku leyfi og má sem dæmi um það nefna sænska banka. Fyrirtækin eru undir eftirliti *Datainspektionen* nema upplýsingakerfi bankanna sem er undir eftirliti bankaeftirlitsins. Eingöngu bankar og

³¹ Lov om offentlige myndigheders registre. Samkvæmt 5. kafla a þeirra laga er heimilt að veita upplýsingar um skuld hjá hinu opinbera til *kreditupplysningsbureauer* að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Þar eru m.a. sett þau skilyrði að krafan hafi verið staðfest með dómi eða hið opinbera hafi fengið skriflega viðurkenningu skuldarans á skuldinni.

³² Registertilsynets årsberetning 1995

³³ Penge & privatøkonomi 6, 1994, bls. 48

fjármálafyrirtæki hafa aðgang að upplýsingum um skuldastöðu aðila frá UC og helgast þetta af þagnarskyldu sem hvílir á þessum aðilum lögum samkvæmt.

Í ofangreindri skýrslu kemur fram að fyrir liggi frumvarp til laga um breytingu á lögnum og stefnt sé að því að þau öðlist gildi 1. janúar 1995. Við endurskoðun laganna var talið að þagnarskylduákvæði laga ættu ekki að útiloka upplýsingaskipti milli upplýsingafyrirtækja í eigu banka og annarra fjármálastofnana annars vegar og annarra upplýsingafyrirtækja hins vegar. Tillaga var gerð um breytingu á þessu í 5. gr. a í frumvarpinu. Samkvæmt frumvarpinu má eingöngu veita upplýsingar um skuldir sem hafa verið staðfestar með dómi eða með aðgerð annarra yfirvalda eða hafa leitt til greiðslustöðvunar, beiðni um gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga.³⁴ Afgreiðslu frumvarpsins mun hafa verið frestað vegna inngöngu Svía í ESB.

7.3 Möguleikar á starfsemi upplýsingamiðstöðvar hér á landi

Íslensku tölvulögin eru þrengri en dönsku lögin hvað varðar þær upplýsingar sem heimilt er að skrá. Þannig er heimilt að skrá upplýsingar um skuldastöðu manna í Danmörku án þess að þær upplýsingar séu opinberar ef skuldari hefur skriflega viðurkennt vanskil skuldarinnar. Eins og íslensku lögin eru í dag væri slíku fyrirtæki eingöngu heimilt að skrá opinberar upplýsingar eins og gert er í vanskilaskrá. Af þessu leiðir að rýmka þyrfti lögin svo heimilt geti talist að skrá aðrar upplýsingar um skuldastöðu manna.

Í athugasemdum við frumvarpið til íslensku tölvulaganna kemur hins vegar fram að ákvæði laganna um skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust gildi ekki um þær upplýsingar sem bankar og sparisjóðir safna til eigin nota heldur gildi um starfsemi þessara aðila lög um viðskiptabanka og sparisjóði, þar á meðal ákvæði um þagnarskyldu. Inn í þetta koma því einnig þau ákvæði sem leggja þagnarskyldu á lánastofnanir um málefni viðskiptamanna þeirra, sbr. 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Ákvæði 43. gr. er fortakslaust og er bönkum og sparisjóðum óheimilt að veita neinar þær upplýsingar sem þeir hafa yfir að ráða um málefni viðskiptamanna sinna nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til þess að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

Til þess að komið verði á fót upplýsingamiðstöð hér á landi svipað því sem þekkist í Danmörku verður að telja að rýmka verði lögin hvað varðar þær upplýsingar sem heimilt er að skrá, sbr. það sem fram hefur komið hér að framan. Ef slíkt fyrirtæki ætti hins vegar að hafa yfir víðtækari upplýsingum að ráða, t.d. upplýsingum um vanskil hjá bönkum og sparisjóðum, þ.e. aðrar upplýsingar en opinberar, verður ekki hjá því komist að gera breytingar á bankalöggjöfnni. Sama gildir ef heimila ætti upplýsingaskipti milli banka og sparisjóða. Ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 95/46 um persónuvernd í tengslum við meðhöndlun persónuupplýsinga og um dreifingu slíkra upplýsinga án endurgjalds virðast ekki hamla starfsemi slíks fyrirtækis.

³⁴ Sjá nánar 7. gr. frumvarpsins.

Upplýsingar af því tagi sem um ræðir eru mjög viðkvæmar og er því mikilvægt ef heimila á starfsemi slíks fyrirtækis að það njóti trausts og að traustir aðilar standi að því líkt og viðskiptabankar og sparisjóðir og jafnvel hið opinbera. Jafnframt er mikilvægt að slíku fyrirtæki verði gert að fullnægja ströngum skilyrðum til þess að fá starfsleyfi.

HEIMILDASKRÁ

Áfangaskýrsla Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna, Reykjavík, október 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Gjaldþrotaskipti o.fl. - Handbók, Reykjavík 1992.

Gunnar Ármannsson, Um ábyrgðarloforð, almenn atriði og staðan við gjaldþrot, kandidatsritgerð við lagadeild Háskóla Íslands 1992.

Hagstrøm, Viggo, „Kausjonsretten og avtaleloven § 36”, Lov og rett, Norsk juridisk tidsskrift, nummer 2, Osló 1996.

Hagvangur, skoðanakönnun framkvæmd fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið í maí 1996.

Møgelvang-Hansen, Peter, Privat kaution for banklån - kautionsproblemer og -beskyttelse, Kaupmannahöfn: Nord 1995:40.

Olsson, Marianne og Smith, Terese, „Om opplysningsplikt ved kausjonsstillelse”, Jussens venner, hefte 2, Osló 1996.

Dr. Páll Sigurðsson, Kröfuréttur, Reykjavík 1992.

Dr. Páll Sigurðsson, Samningaréttur, Reykjavík 1987.

Pedersen, Hans Viggo Godsk, Kaution, Kaupmannahöfn 1992, 3. útg.

Penge og privatøkonomi 6, „Gør livet surt for 275.000 skyldnere”, Kaupmannahöfn 1994.

Registertilsynets årsberetning 1995, Kaupmannahöfn 1995.

Smith, Carsten, Garantikrav og garantistvern (Garantirett III), Osló 1981, 2. útg.

SOU, 1993:110, Integritet och effektivitet på kreditupplysningsområdet, Stokkhólmi 1993.

Munnlegar heimildir:

Edda Svavarsdóttir, Búnaðarbanka Íslands,

Gísli Fannberg, deildarstjóri hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna,

Karl Kristinsson, menntamálaráðuneytinu,

Sigrún Jóhannesdóttir, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.